



SKOÐUN Porvaldur Gylfason skrifar um rangan pól í bankamálum. **21**



MENNING Kúbverski píanistinn Jorge Luis Prats miðlar tónlist af ástríðu. **42**



LÍFÍÐ Lét flúra á sig mynd sem átta ára dóttir hans teiknaði. **58**



SPORT Ingibjörg Erla Grétarsdóttir hefur unnið fimm gull á NM fyrir tvítugt. **54**



NÝR 4BLS BÆKLINGUR
STÚTFULLUR AF SNILLD Í FRÉTTABLAÐINU Í DAG
TÖLVUTEK
Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlöð 2 • 430 6900

FRÉTTABLAÐIÐ

Fimmtudagur
5. febrúar 2015
30. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt þrenniMaksimum Content Gellur apríl-júní 2014

FRÉTTIR



Þriðjungur nær ekki að safna lágmarkslífeyri

Lagt er til að mæta vanda fólks sem ekki nær á starfsævinni að safna fyrir lágmarkslífeyri með hækkuðum lífeyrisaldurs og hærri iðgjöldum. **18**

Námsráðgjafa vantar Þótt grunnskólabörn eigi lögbundinn rétt á náms- og starfsráðgjöf vantar fólk með réttindi í þriðjung skóla. **4**

Misskipting hefur áhrif Formenn ASÍ og Framsýnar á Húsavík telja misskiptingu í samfélaginu verða til umræðu í komandi kjaraviðræðum. **6**



Bolungarvík	4°	SSV	18
Akureyri	4°	SV	11
Egilsstaðir	4°	SV	9
Kirkjubæjarkl.	3°	VSV	7
Reykjavík	5°	SSV	8

Strekkingur eða hvasst norðanlands og með SA-ströndinni. Dálítil rigning eða súld vestan til en bjart austanlands. Hiti 0 til 8 stig. **4**

SÉRBLAÐ

Fólk



UNDIR YFIRBORDI Lengstu ísgöng í Evrópu, djúpt í Langjökli, verða opnuð ferðafólki í júní en innan fárra vikna verður lokið við að grafa meginhluta þeirra. Mikil sprunga í jöklinum „fannst“ við gröftinn og verður eitt helsta aðdráttarafli fyrir ferðafólk – en búist er við 20 til 30 þúsundum gestum á ári. Sjá síðu 12

Ráðherra strand með fiskveiðifrumvarpið

Kvótaþingi verður komið á og öll viðskipti með kvóta verða á markaði samkvæmt fiskveiðistjórnunarfrumvarpi. Frumvarpið var tilbúið fyrir jól en ráðherra hefur ekki enn farið með það fyrir ríkisstjórn. Ágreiningur á milli stjórnarflokkanna.

SJÁVARÚTVEGUR Mikill ágreiningur er á milli stjórnarflokkanna um frumvarp Sigurðar Inga Jóhannessonar, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, um fiskveiðistjórnun. Frumvarpið var tilbúið fyrir jól en hefur ekki farið fyrir ríkisstjórn enn þá. Heimildir Fréttablaðsins herma að ágreiningur stjórnarflokkanna skýri það að málið sé ekki komið lengra.

Innan Sjálfstæðisflokksins er óánægja með það að enn á ný standi til að hrófla við fiskveiðistjórnunarkerfi sem flokkurinn telur að virki vel í grundvallaratriðum. Slíkt eigi ekki að gera nema viðfeðm sátt ríki um breytingarnar, sem sé ekki fyrir hendi nú. Engin þörf sé á breytingum á kerfinu, þó að taka verði ákvörðun varðandi veiðigjöld.

Ágreiningurinn snúist því um hvort aðeins eigi að samþykkja ramma utan um veiðigjöld eða að leggja fram heildstæðar breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu. Það má því segja að ágreiningur-

inn snúist um mun á stefnu flokkanna í sjávarútvegsmálum.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því að komið verði upp kvótaþingi, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Það þýðir að öll viðskipti með kvóta verða á markaði, en þó er gert ráð fyrir einhverjum hjáleiðum vegna minni viðskipta. Þá er gert ráð fyrir því að samið verði um nýtingu veiðiréttar til lengri tíma og hafa 23 ár verið nefnd í því samhengi.

Drög að frumvarpinu voru kynnt á sameiginlegum þingflokki stjórnarflokkanna í lok nóvember. Síðan hefur hvorki gengið né rekið í málinu og er það nú strand. Náist ekki að leysa þann ágreining er mögulegt að ekki verði samþykkt frumvarp um fiskveiðistjórnun fyrir sumarið, en bráðabirgða-ákvæði um veiðigjöld framlengd þess í stað.

Jón Gunnarsson, formaður atvinnuveganefndar, vonast til að svo verði ekki.



„Í sjálfu sér vonast ég til þess að það náist einhver niðurstaða í að ljúka þessum málum.“

Allavega þurfum við að klára að ramma inn löggjöf.

Jón Gunnarsson, formaður atvinnuveganefndar.

„Í sjálfu sér vonast ég til þess að það náist einhver niðurstaða í að ljúka þessum málum. Allavega þurfum við að klára að ramma inn löggjöf utan um veiðigjöldin. Ég tel að við höfum í dag mjög öflugan grunn til að ganga frá því endanlega til lengri tíma, þannig að það þurfi ekki að vera í bráðabirgða-ákvæðum.“

„Hverjar aðrar breytingar verða gerðar get ég ekki sagt til um á þessari stundu.“

Björgunarsveitir kallaðar út: Stúlka gleymdist í læstri bifreið

LÖGREGLUMÁL Þroskaskert og mállaus stúlka sem leitað var í gær fannst í læstum bíl á vegum ferðaþjónstu fatlaðra. Stúlkann hafði verið í bílnum í rúmar sex klukkustundir. Ökumaður bílsins virðist hafa talið hana hafa yfirgefið bílinn við Hitt húsið í Reykjavík.

- kbg / sjá síðu 2



Við kynnum Philips Ambientlight 9000 sjónvörpin
Engin venjuleg upplifun

með Android

PHILIPS

Heimilistæki
ht.is

SPURNING DAGSINS



Davíð, verður röð við inn-ganginn?

Nei, en fullt hús.

Davíð Pór Rúnarsson er formaður Póker-sambands Íslands sem stendur fyrir dýrasta póker móti Íslandssögunnar á Grand hóteli á laugardag.

Róbert Spanó segist vanhæfur í dómarsæti í máli Geirs Haarde gegn ríkinu:

Ákvað að víkja úr dómstólnum

DÓMSMÁL Róbert Ragnar Spanó, dómari við Mannréttindadómstól Evrópu, hefur víkið sæti í máli Geirs H. Haarde, fyrirverandi forsætisráðherra, gegn íslenska ríkinu vegna vanhæfis.

„Ég tjáði mig opinberlega um málið sem lagaprófessor á meðan það var til meðferðar auk þess að skrifa um niðurstöðu Landsdóms bæði í Fréttablaðið og í fræðirit sem ég hef gefið út,“ segir Róbert um málið.

„Ég tók þessa ákvörðun sjálfur,

en hún var tilkynnt forseta minnar deildar í samræmi við lög,“ bætir hann við og vísar í reglur fyrir dómstólinn.

Geir H. Haarde, höfðaði mál á hendur íslenska ríkinu vegna Landsdómsmálsins svokallaða, það er málshöfðunar á hendur honum og dómi fyrir



RÓBERT SPANÓ

Landsdómi. Mannréttindadómstóllinn er með málið til meðferðar, en ekki er vitað hvenær búast megi við niðurstöðu í því.

Úr dómum Mannréttindadómstólsins má lesa að reglur dómsins kveði á um að að dómara verði ekki aðeins vanhæfir vegna beinna tengsla við málsaðila í dómsmáli, heldur verði að vera hafið yfir allan vafa að þeir séu óháðir málsaðilum og alveg hlutlausir í dómastörfum sínum.

- ngy

Fékk bréf frá fjölmiðlanefnd:

RÚV harmar brot á lögum

SJÓNVARP Ríkisútvarpið braut lög þegar það sýndi James Bond-mynd klukkan fimm mínútur í níu að kvöldi 9. janúar sl. Lög heimila ekki sýningu myndarinnar fyrir klukkan 22.00. Fjölmiðlanefnd fjallaði um málið og komst að þessari niðurstöðu.

RÚV gekkst við brotinu og harmaði að það hefði átt sér stað. Þrátt fyrir að heimild sé í lögum til að leggja á stjórnvaldssekt vegna brota af þessum toga ákvað fjölmiðlanefndin að gera það ekki.

- kbg



DREPINN FYRIR HORNIN Frikkie Rossouw (lengst til hægri), sérfræðingur í rannsóknnum á umhverfislögum hjá SANParks, undirbýr í gær krufningu á hraei nashyrnings sem veiðipjófvar drápu. Náist kúlan sem grandaði dýrinu gæti það gagnast í frekari rannsóknnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

41 nashyrningur drepinn í Kruger-þjóðgarði það sem af er ári: Yfir tólf hundruð drepnir í fyrra

SUÐUR-AFRÍKA Í gær stóð yfir rannsókn á hraei 41. nashyrningsins sem veiðipjófvar hafa drepnið í Kruger-þjóðgarði í Suður-Afríku það sem af er ári. Veiðipjófvar ásælast horn skepnanna en þau eru seld á svörtum markaði og stundum mulin í duft sem á að auka mönnum kyngetu.

Samkvæmt opinberum tölum drápu veiðipjófvar 1.215 nashyrninga í Suður-Afríku á síðasta ári. Þar af voru 827 drepnir í Kruger-þjóðgarðinum.

- óká

Einfaldari hvíldarúrræði: Fimm sagt upp á Hrafnistu

SAMFÉLAG Tuttugu endurhæfingarrýmum verður lokað á Hrafnistu í Reykjavík 1. maí næstkomandi og hefur fimm manns verið sagt upp. Skjólstaðingur í endurhæfingu búa margir í eigin húsnæði enn og halda sér við með daglegri komu á Hrafnistu eða styttri dvöl.

Samningar náðust ekki við ríkið um að halda áfram endurhæfingunni. Markmiðið með henni er að lengja sjálfstæða búsetu eldra fólks, með iðjubjálfun, hjúkrunarþjónustu og sjúkraþjálfun. Í staðinn verður einfaldara hvíldarúrræði sett á fót. - kbg

Fyrstu umræðu lokið: Náttúrupassa vísað í nefnd

ALÞINGI Frumvarpi um náttúrupassa var í gær vísað til atvinnuveganefndar. Fyrstu umræðu um málið lauk á þriðjudag, en við lok umræðunnar opnaði Ragnheiður Elín Árnadóttir iðnaðarráðherra á að málið færi frekar til umhverfis- og samgöngunefndar en atvinnuveganefndar.

Heitar umræður urðu um málið, en að endingu lagði ráðherra til að atvinnuveganefnd fengi málið. Róbert Marshall, þingmaður Bjartrar framtíðar, lagði þá til að málinu yrði vísað til umhverfisnefndar. Hann féll í gær frá þeirri tillögu. - kóp

Mállaus föst í læstum um bíl í sjö stundir

Átján ára þroskaskert, mállaus stúlka fannst í læstum bíl á vegum Ferðabjónustu fatlaðra fyrir utan heimili bílstjórans. Björgunarsveitir leituðu að henni í miðbæ Reykjavíkur og ættingjar tóku þátt í leitinni. „Er sjálfri sér lík,“ segir móðir hennar.

SAMFÉLAG Ólöf Þorbjörg Pétursdóttir, 18 ára stúlka, sem er þroskaskert og mállaus og lýst hafði verið eftir snemma í gær, fannst í læstum bíl sem er á vegum Ferðabjónustu fatlaðra. Lögreglan telur að hún hafi verið í bílnum frá klukkan 13 í gær eða í nærri því sjö klukkustundir. Sagt var frá þessu á Pressunni í gærkvöldi.

Móðir stúlkunnar, Dóra Eydís Pálsdóttir, segist munu ræða við forsvarsmenn ferðabjónustunnar við fyrsta tækifæri og lýsir mikilli óánægju með atvikið sem skaut fjölskyldunni skelk í bringu. Sem betur fer varð dóttur hennar ekki sýnilega meint af ferðalaginu. „Hún er sjálfri sér lík,“ segir hún.

Samkvæmt heimildum blaðsins verður bílstjóranum, sem mun vera verktaki hjá Strætó, sagt upp störfum hjá fyrirtækinu vegna atviksins.

Lögregla hafði lýst eftir Ólöfu í gær eftir að henni var ekið frá skóla að Hinu húsinu í Pósthússtræti í dag en ekki skilað sér þangað inn. Björgunarsveitir á höfuðborgarsvæðinu voru kallaðar út seinna þann sama dag. Á sjöunda tug björgunarmanna var við leit í miðbæ Reykjavíkur og við höfnina. Ættingjar hennar tóku þátt í leitinni.

„Þetta er ótrúlegt mál,“ segir Valgarður Valgarðsson yfirvarðstjóri. „Stúlkan var sótt upp í Ármúla um eittleytið og er ekið í Hitt húsið. Þar telur bílstjórinn sig horfa á eftir henni út en síðan þegar á að fara að sækja hana um fjögur þá finnst hún ekki. Þá er farið að huga að henni og leita að henni. Um hálfátaleytið finnst hún svo í bílnum,“ segir Valgarður og segir lögreglu hafa komið



HEIL Á HÚFI Ólöf Þorbjörg (á innfelldu myndinni) fannst eftir sjö tíma í læstum bíl. Hún virðist hafa orðið eftir í bílnum þegar aðrir fóru út við Hitt húsið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

stúlkunni heim í hendur foreldra. „Stúlkan virðist hafa gleymst í bílnum, bílstjórinn fór heim, hafði lokið sínum vinnudegi og segist ekki hafa tekið eftir henni.“

Fleiri alvarleg atvik hafa komið upp í akstri Ferðabjónustu fatlaðra upp á síðkastið. Nýverið var ungru stúlku með þroskahömlun og einhverfu ekið með Ferðabjónustu fatlaðra á leið til skóla. Í stað þess að keyra hana í skólann var henni vísað úr bílnum á öðrum stað í grenndinni og þar var hún skilin eftir.

Smári Ólafsson, sviðsstjóri akstursþjónustu Strætó, sagði málið vera í skoðun í samtali við Vísi í gærkvöldi. „Við erum enn þá að átta okkur aðeins á hvað gerðist en á

Við erum enn þá að átta okkur aðeins á hvað gerðist en á þessu stigi held ég að það eina sem ég geti sagt er að við erum mjög fegin að hún hafi komið fram heilu á höldnu.

Smári Ólafsson, sviðsstjóri akstursþjónustu Strætó.

þessu stigi held ég að það eina sem ég geti sagt er að við erum mjög fegin að hún hafi komið fram heilu og höldnu,“ segir hann. „Við erum að vinna í því að fá upplýsingarnar frá bílstjóranum og öðrum,“ segir hann.

kristjanabjorg@frettabladid.is

www.pyngjan.is

GREIÐSLUAPP Í SNJALLSÍMANN

Pyngjan er greiðsluapp sem einfaldar lífið og þú þarft ekki að taka upp kortið

ANDROID APP ON Google play | GET IT ON THE App Store

Pyngjan

Stjórnarliðar ræða um erfiðleika ungs fólks við fyrstu íbúðarkaup:

Skuldahvetjandi markaður

STJÓRNMÁL „Ég held að við höfum sofið fljóttandi að feigðarósi í þessum málaflokki,“ sagði Guðlaugur Þór Þórðarson, þingmaður Sjálfstæðisflokks, á Alþingi í gær í sérstökum umræðum um ungt fólk og fyrstu íbúðarkaup þess. Guðlaugur Þór hefur áhyggjur af því að það sé snúið mál fyrir ungt fólk að kaupa sér íbúð núna í skuldhvetjandi kerfi.

„Við þurfum að breyta um stefnu, við getum ekki haft fyrirkomulag sem hvetur fólk til að skulda,“ sagði hann.

Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra, svaraði Guðlaugi Þór og sagði sammála þingmanninum í því að það þyrfti að breyta um stefnu og það þyrfti að horfa á kerfið í heild sinni. Hún rifjaði það upp að Íslendingar hefðu lengi verið Evrópumeistarar í vanskilum húsnæðislaða. „Við höfum vermt efstu sætin í vanskilum þrjú ár í röð,“ sagði Eygló. Hún benti einnig á að erlendis væri fólk eldra þegar það keypti sér húsnæði og sagði nauðsyn að ná niður húsnæðiskostnaði á leigumarkaði og tryggja hagkvæmara skattumhverfi fyrir leigufélög.

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, þingmaður Sam-



EVROPEUMEISTARAR Í VANSKILUM Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra, ræddi um slæma stöðu á húsnæðismarkaði á Alþingi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

fylkingarinnar, reiknaði það út að ef foreldrar ætluðu sér að aðstoða barn sitt með útborgun í íbúð þyrftu þeir að leggja fyrir rúmlega 20 þúsund krónur á mánuði alla æsku barnsins, í 216 mánuði. Samtals fimm milljónir króna.

-kbg

Enn skemmtilegra samband



0 kr.
Nova
í Nova

1.000 mínútur
500 SMS/MMS

0 kr. í frelsi*
690 kr. í áskrift

0 kr.
Nova
í alla

1.000 mínútur
500 SMS/MMS

2.990 kr. í áskrift

NÝTT

1 GB
990 kr.

5 GB
1.990 kr.

10 GB
2.990 kr.

50 GB
4.990 kr.

**Stærsti
skemmtistaður
í heimi!**

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is | Facebook | Twitter

*Netáfyllingar í frelsi taka gildi 9. febrúar. 1 GB 990 kr., 5 GB 1.990 kr., 15 GB 3.990 kr. og 50 GB 5.990 kr.

SVONA ERUM VIÐ



186 ferkílómetra af birki-skógi má finna á Austurlandi.

Það er það minnsta í einum landsfjórðungi.

Jórdanía brást hart við eftir að vígamenn Íslamska ríkisins myrtu jórdanskan flugmann:

Tveir fangar teknir af lífi í hefndarskyni

JÓRDANÍA, AP Tveir fangar voru teknir af lífi í Jórdaníu í gær í hefndarskyni fyrir morð á jórdönskum flugmanni sem myrtur var í Sírylandi. Vígamenn Íslamska ríkisins brendu flugmanninn og birtu á netinu myndband af því þegar kveikt er í honum.

Abdullah II. Jórdaníukonungur hraðaði sér heim til Jórdaníu frá Bandaríkjunum þar sem hann var í opinberri heimsókn. Hann sagði að Jórdanía myndi bregðast við af

fullri hörku og efla hernað sinn gegn Íslamska ríkinu.

Fangarnir tveir voru báðir hengdir, en þeir hétu Sajida al Rishawi og Ziad al Karbouly. Báðir voru þeir frá Írak og höfðu tengsl við al-Kaída-samtökin, að því er Mohammad al Momani, talsmaður jórdanskra stjórnvalda, fullyrti.

Almenningur í Jórdaníu hefur haft tvíbenta afstöðu til þátttöku í hernaði gegn vígasveitum Íslamska ríkisins í Sírylandi

og Írak. Annars vegar blöskrar fólkí grimmdin og vill hefndir, en á hinn bóginn vill fólk ekki neina þjónkun við Vesturlönd, jafnvel þótt óvinurinn sé sá sami. Þátttaka jórdanska hersins í loftárásum Bandaríkjahers á Íslamska ríkið er því ekki vel séð.

Jórdanski flugmaðurinn var 26 ára gamall og hét Muath al Kaseasbeh. Á myndbandinu mátti sjá merki þess að hann hefði sætt barsmiðum.



MINNINGARATHÖFN UM FLUGMANNINN Jórdanskir hermenn komu saman til að minnast flugmannsins, sem vígamenn tóku af lífi í gær. NORDICPHOTOS/AFP



REYKJAVÍK Kosning í febrúar er sögð samráðsverkefni íbúa og stjórnsýslu.

Blásið til rafrænna kosninga:

Reykvíkingar kjósa í febrúar

BYGGÐAMÁL Rafræna íbúakosningin Betri hverfi 2015 fer fram í Reykjavík dagana 17. til 24. febrúar næstkomandi. Kjósa á um verkefni í hverfum borgarinnar. Kosid verður milli allt að 20 hugmynda í tíu hverfum borgarinnar.

Sextán ára og eldri með lögheimili í Reykjavík geta tekið þátt. Til þess að komast inn á kosningavefinn verða íbúar að eiga íslykil eða rafræn skilríki til auðkenningar.

Niðurstöður kosninganna eru bindandi fyrir Reykjavíkurborg sem skuldbindur sig til að framkvæmda þau verkefni sem kosin eru.

Jafnréttislög sögð virt:

Starfshópur rétt skipaður

JAFNRÉTTI Skipan starfshóps innanríkisráðherra, sem fjalla á um jafnt búsetuform barna sem búa á tveimur heimilum, var breytt áður en hann tók til starfa um mánaðamótin.

Upphafleg skipan hópsins sem auglýst var af ráðuneytinu var á skjön við jafnréttislög, og Fréttablaðið sagði frá í gær.

Skipan starfshópsins var breytt vegna ábendingar um kynjahlutfall í hópnun og var ákveðið að óska á ný eftir tilnefningu frá Sýslumannafélagi Íslands sem aðeins hafði tilnefnt konu og ekki greint frá hlutlægum ástæðum þess að ekki væri mögulegt að tilnefna bæði karl og konu.

Starfshópurinn hefur þegar haldið sinn fyrsta fund.

Náms- og starfsráðgjafa vantar í þriðjung skóla

Grunnskólabörn eiga rétt á náms- og starfsráðgjöf samkvæmt lögum. Niðurstöður könnunar benda til að ekki séu starfandi náms- og starfsráðgjafar í um þriðjung skólanna. Aðrir gegna starfinu í þriðjung skólanna.

MENNTUN Náms- og starfsráðgjöf í grunnskólum er þjónusta sem börn eiga rétt á samkvæmt lögum. Mikill fjöldi nemenda fær ekki þessa lögbundnu þjónustu. Þetta skrifa náms- og starfsráðgjafarnir Rannveig Óladóttir og Sigríður Biddal í aðsendri grein í Fréttablaðinu í dag.

Þær segja niðurstöður könnunar, sem gerð var í nóvember síðastliðnum, benda til að ekki séu starfandi náms- og starfsráðgjafar í um það bil þriðjung skólanna á landinu. „Starfsheitið náms- og starfsráðgjafi hefur verið lögverndað síðan 2009 en í þriðjung þeirra skóla sem hafa náms- og starfsráðgjafa hafa aðrir verið ráðnir til að sinna starfinu. Í þeim hópi má finna leikskólakennara, proskapjálfa, iðjuþjálf, sálfræðinga, sérkennara, almenna kennara, félagsráðgjafa, félagsfræðinga, skólastjóra og fyrrverandi skólastjórnendur,“ skrifa þær Rannveig og Sigríður.

„Sumir skólastjórnendur ráða aðra þótt þeir viti hver menntun náms- og starfsráðgjafa eigi að vera. Það eru dæmi um að skólastjórnendur haldi að gamli skólastjórninni geti tekið að sér að leiðbeina krökkunum, meira að segja í Reykjavík,“ segir Rannveig í viðtali við Fréttablaðið.

Svanhildur María Ólafsdóttir, formaður Skólastjórafélags Íslands, segir æskilegast að menntaðir náms- og starfsráðgjafar séu við störf í öllum skólum þar sem því verður við komið. „Í fámönnum skólum er kannski erfitt að ráða í fullt starf. Þá hafa aðrir tekið þetta að sér.“

Hún bætir því við að náms- og starfsráðgjöf sé jafnframt oft bara hlutastarf í stærri grunnskólum.



„Námið var eins árs diplómánám til ársins 2004. Þegar það var orðið tveggja ára meistaranám var gerlegt að setja í lög að starfsheitið væri lögverndað.“

Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, prófessor í náms- og starfsráðgjöf.

„Það hefur ekki verið veitt mikið fjármagn í þessi störf. Kennsla hefur haft forgang.“

Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, prófessor í náms- og starfsráðgjöf við Háskóla Íslands, segir nám í þessum fræðum hafa hafist 1990. „Námið var eins árs diplómánám til ársins 2004. Þegar það var orðið tveggja ára meistaranám var gerlegt að setja í lög að starfsheitið væri lögverndað.“

Á hverju ári útskrifast 15 til 20 nemendur, að því er Guðbjörg greinir frá. Hún segir þörf á að bæta skipulag ráðgjafar og fræðslu um nám og störf í grunnskólum. „Börnin hafa ekki fengið mikla fræðslu um framtíðina í skólakerfinu og á vinnu- markaðnum. Svo eru allir hissa á miklu brottfalli. Það er nauðsynlegt að auka fræðslu á þessu sviði. Þarna er um almannahagsmuni að ræða. Annars staðar á Norðurlöndunum fá grunnskólanemendur miklu meiri fræðslu um möguleika á námi og störfum. Í Finnlandi fá nemendur í efstu bekkjum grunnskólanna um 80 kennslustundir í náms- og starfsfræðslu sem er skyldunám. Að auki eru þeir tvær vikur úti á vinnu- mark-



Í TÆKNISKÓLANUM Grunnskólanemar fá víða miklu meiri fræðslu um möguleika á námi og störfum en á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ráðgjöf einn mikilvægasti þátturinn



Laufey María Jóhannsdóttir, formaður Félags framhaldsskólanema, segir mikilvægt fyrir nemendur að fá hjálp til að finna rétta braut í námi og starfi. „Þetta er einn af mikilvægustu þáttunum í námi nemenda. Það hefur sýnt sig að ánægjan eykst töluvert þegar nemendur hafa með hjálp ráðgjafa fundið út hvað hentar þeim.“

Það er mat Laufeyjar að námsráðgjafar ættu að vera í öllum skólum og fleiri en einn. „Það eru alltof margir nemendur á hverjum námsráðgjafa. Þeir geta ekki farið yfir það með hverjum og einum hvaða skref sé best fyrir hann að taka í sínu námi. Hlutverk námsráðgjafa ætti einnig að vera skýrara. Þeir taka oft að sér hlutverk sálfræðinga sem ættu líka að vera í skólunum.“

aði. Hér er þetta oftast val og ekki í öllum skólum.“

Nú er unnið að stefnumótun um málefni náms- og starfsráðgjafar á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Í starfshópnum eru fulltrúar velferðarráðuneytis, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis og Félags náms- og starfs-

ráðgjafa. Formaður starfshópsins, Guðrún Birna Kjartansdóttir náms- og starfsráðgjafi, segir áherslur vera að breytast í Evrópu og víðar á þann hátt að litid verði á ráðgjöf og fræðslu í námi og starfi sem hluta af þróun starfsferils alla ævi en ekki bara inngríp í 10. bekk.

ibs@frettabladid.is / sjá síðu 33

INDISKA
Kringlan | 588 2300

20% afsláttur af öllum GARDÍNUM & PÚÐUM

GILDIR TIL 23. FEBRÚAR 2015

f / Indiska Iceland

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi

Alicante 11°	Friedrichshafen -3°	New York 3°
Ápna 17°	Gautaborg 1°	Orlando 17°
Basel 4°	Kaupmannahöfn 1°	Ósló -12°
Berlín 0°	Las Palmas 19°	París 3°
Billund 1°	London 5°	San Francisco 15°
Frankfurt -1°	Mallorca 11°	Stokkhólmur -3°

Á MORGUN
Strekkingur eða hvasst víða um land. Kólnandi.

LAUGARDAGUR
Strekkingur allra vestast og með N-strönd, annars hægari.

Ingibjörg Karlsdóttir
veðurfréttamaður

SÍMAR AUGLÝSINGAÞEILDIR - AUGLÝSINGASTJÓRI: Svanur Valgeirsson svanur@365.is **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Hjórdís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Hjalti Egilsson hjalti@365.is, Lailla Awad lailla@365.is, Sverrir Birgir Sverrirsson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFID/SÉRBLÓÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Gunnhildur Geira Dan Þorláksdóttir geira@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Jónatan Atli Sveinsson jonatan@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÓÐ EFTI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarssdóttir vera@365.is **RÁÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrnannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrun@365.is

Munið að skila launamiðum og öðrum gögnum

- Launamiðar og verktakamiðar
- Bifreiðahlunnindamiðar
- Hlutfjármiðar
- Hlutabréfakaup skv. kaupréttarsamningi
- Takmörkuð skattskylda - greiðsluyfirlit
- Greiðslumiðar – leiga eða afnot
- Viðskipti með hlutabréf og önnur verðbréf
- Ýmis lán til einstaklinga
- Fjármagnstekjumiðar
- Stofnsjóðsmiðar
- Bankainnstæður

Skilafrestur
á rafrænu formi
vegna framtalsgerðar
2015 er til
10. febrúar

LAUNAMIÐI 2015
LAUNAGREIÐSLUR 2014

01 Kennitala launamanns 070768-9999	Vinnulaun þ.m.t. grófsté, greiðslur launþ. í lífeyrissjóð, eftirlaun o.fl.	02	3.312.000	16 Ókutækjastýrkur 338.000	73 Par af undanþ. staðgr. 338.000	19 Sjúkradagpeningar
Frádráttarþætt íbúguld í lífeyrissjóð – 4% íbúguld í samþykktan lífeyrissjóð. (Sjá bakhlíð)	03	132.480	17 Dagpeningar 344.284	74 Par af undanþ. staðgr. 344.284	21 Greiðslur úr lífeyrissjóði	
08 Númer lífeyrissjóðs 999	28 Húsnæðishlunnindi	06 Greiðslur til verktaka og verkstæða fyrir elni og vinnu	27 Fatahlunnindi	60 Bifreiðahlunnindi	33 Fábishlunnindi	64 Númer sérsjóðs 888
Pessi reitur fyllist út af ríkisskattstjóra	Árni Jónsson Björtugötu 10 119 Reykjavík		30 Launagreiðandi-kennitala-heimili	41111-1119 Verslun hf. Laugavegi 200 101 Reykjavík		
07 Natn-heimili-póststöð launþega	Samtölur skv. sundurliðun á staðgreiðslu RSK 5.06		Greiðslur eða hlunnindi, ótalin áður, hvæða?			
70 Launafjárhæð 3.312.000	71 Aftregin staðgreiðsla 679.994	Eindregið er mælt með því að launamiðum sé skilað rafrænt á þjónustusíðunni www.skattur.is				

RSK 2.01 26-11-2014 · ODDI · 5.000

Launamiðum og öðrum gögnum er hægt að skila á rafrænu formi á þjónustusíðunni **skattur.is**

VEISTU SVARIÐ?



1. Hvað heitir forstjóri Kauphallar Íslands?
2. Með hverjum fer Ásgeir Trausti í tónleikaferð um Ástralíu í maí?
3. Hvar verður hof Ásatrúarfélagsins reist?

SVÖR:
1. Páll Hárðarson. 2. Með Hjóm Sveininn.
3. Í Öskjuhlíð.



Í **ÁLFSNESI** Til stendur að reisa gasgerðarstöð í Álfsnesi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Kærðu samningsgerð Sorpu: Fá hluta skýrslu um Álfsnesið

STJÓRNSÝSLA Íslenska Gámáfélagið ehf. og Metanorka ehf. eiga að fá aðgang að skýrslu Mannvits um gasgerðarstöð í Álfsnesi og samanburð tæknilausna, þó að undanskildum ýmsum tölulegum upplýsingum.

Íslenska gámáfélagið og Metanorka sögðu rangar niðurstöður í skýrslu Mannvits fyrir Sorpu og kærðu samningsgerð Sorpu bs. og Aikan A/S um byggingu gas- og jarðgerðarstöðvar í Álfsnesi. Kærunefnd útbodsmála stöðvaði í október samningsferlið um stundarsakir.

-gar

Hjartavernd í Grindavík: Stuðtæki í allar bæjarstofnanir

ÖRYGGISMÁL Bæjarráð Grindavíkur hefur samþykkt tillögu vinnuverndarnefndar bæjarins um kaup á hjartastuðtækjum þannig „að hjartastuðtæki verði komin í allar stofnanir Grindavíkurbæjar í árslok 2020“.

Jafnframt hyggst Grindavíkurbær bjóða starfsfólki sínu upp á námskeið í skyndihjálpi og meðhöndlun hjartastuðtækja. Þá á að vera fræðsla um skyndihjálpi fyrir nemendur í Grunnskóla Grindavíkur á hverju skólaári.

-gar

Fjármálaráðuneytið hefur auglýst eftir umsóknum um tollkvóta fyrir kartöflusnakk frá Noregi:

Allt að 59% verndartollur á kartöflusnakk

NEYTENDUR Háir tollar eru lagðir á kartöflusnakk sem kemur innflutt til landsins. Hins vegar eru engir tollar á snakk sem gert er úr maískorni. Örfáir aðilar á Íslandi framleiða kartöflusnakk og þá úr innfluttu hráefni.

Alls er 59 prósentu tollur lagður á snakk sem unnið er úr kartöflum og 42 prósentu tollur á snakk sem unnið er úr kartöflumjöli. Hins vegar er enginn tollur lagður á innflutt snakk sem unnið er úr maískorni.

Leiða má að því líkum að fyrst ekkert innlent fyrirtæki er á Íslandi sem framleiðir snakk úr maís þurfi ekki verndartolla til að verja innlenda framleiðslu. Hins vegar eru mjög fá íslensk fyrirtæki sem framleiða snakk, og gera það úr innfluttu hráefni.

Fjármálaráðuneytið auglýsti í gær eftir umsóknum um 15 tonna tollkvóta á kartöflusnakk sem upprunnið er í Noregi og er innflutt þaðan. Berist umsóknir um meiri innflutning en nemur aug-

lýstum tollkvóta verður miðað við magn innflutnings hvers umsækjanda í fyrra. Tekið er fram að úthlutun tollkvótans er ekki framseljanleg.

Fram hefur komið í skýrslu starfshóps um tollamál á sviði landbúnaðar að tollar og gjöld fyrir tollkvóta eru hátt hlutfall verðs innfluttrar búvöru. Neytendur hagnist ekki á tollkvótum því þeir eru ekki nægilega rúm.

sveinn@frettabladid.is



SNAKKHILLAN Fjármálaráðuneytið óskar eftir umsóknum í tollkvóta á kartöflusnakk frá Noregi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Misskipting hefur áhrif á komandi kjaraviðræður

Formenn Alþýðusambands Íslands og Framsýnar á Húsavík telja misskiptinguna í íslensku samfélagi verða til umræðu í næstu kjaraviðræðum. Mikilvægt sé að jafna bilið með sköttum. „Á meðan auðlegðar- og auðlinda-skattur eru teknir út og sjúklingar taka meiri þátt í kostnaði en áður verður engin sátt,“ segir formaður ASÍ.

VINNUMARKAÐUR Gylfi Arnbjörnsson, formaður ASÍ, og Aðalsteinn Árni Baldursson, formaður Framsýnar á Húsavík, segja mikilvægt að vinda ofan af þeirri misskiptingu auðs sem sé staðreynin í íslensku samfélagi. Þeir gagnrýna samtök atvinnulífsins sem og stjórnvöld fyrir að reyna ekki að minnka bilið milli fátækra og ríkra í þjóðfélaginu.

Í svari fjármálaráðherra við fyrirspurn Árna Páls Árnasonar um eignir og eigið fé ríkustu Íslendinganna kemur í ljós að árið 2013 átti ríkasta eitt prósent landsmanna 21,9 prósent alls eigin fjár í landinu. Heildarupphæð eigin fjár ríkasta eins prósent landsins var það ár 483 þúsund milljónir króna.

Líkt og komið hefur fram er líklegt að þessar tölur séu vanáætlaðar því að hlutabréf eru talin á nafnvirði í þessum gögnum. Líklegt þykir að mörg þessara bréfa séu mun verðmætari á markaði og því gætu fengist mun hærra upphæðir fyrir bréfin verði þau seld. Því er líklegt að ríkustu Íslendingarnir séu mun ríkari en gefið er til kynna í svari fjármálaráðherra. Hæst fór eigið fé ríkasta prósent landsins árið 2010 og var þá 28,3 prósent af heild, og hafði þessi hópur því aldrei haft jafn mikið milli handanna samanborið við aðra íbúa landsins.

Aðalsteinn Árni Baldursson, formaður stéttarfélagsins Framsýnar á Húsavík, segir þessar tölur sláandi



KJARAVIÐRÆÐUR NÁLGAST Líklega stefnir í hart í viðræðum atvinnulífsins og launþega á komandi vikum. Telja forsvarsmenn launþega ríkið hafa sýnt á spilinn og að svigrúm sé til launahækkana. Myndin er frá kröfugöngu tónlistarkennara á síðasta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

en samt sem áður komi þær sér ekki á óvart. „Forystumenn þessarar ríkisstjórnar eiga sjálfir alveg fyrir kók og pylsu og því þykir mér ekki líklegt að þessi ríkisstjórn beiti sér til að jafna bilið milli fátækra og ríkra á þessu kjörtímabili. Það er líka mjög erfitt að berjast fyrir fólk með um 200 þúsund krónum á mánuði og hitta fyrir í samtökum atvinnulífsins einstaklinga með sínar tvær milljónir á mánuði, skilningur fyrir hækkingu lægstu launa er bara ekki nægilega mikill.“

Gylfi Arnbjörnsson, formaður ASÍ, segir ríkisstjórnina hafa haft tækifæri til þess að jafna þetta bil. „Það er svolítið súrt að sjá það að á meðan sjúklingar þurfa að greiða hærri gjöld og taka enn meiri þátt í kostnaði þá horfum við upp á það

að auðlegðar- og auðlinda-skattur er ekki nýttur til að komast til móts við þá verst settu í þjóðfélaginu. Þetta er ónýtt tækifæri til að jafna bilið og skapa meiri sátt í samfélaginu.“

Bæði Gylfi og Aðalsteinn Árni eru sammála um það að komandi kjaraviðræður gætu orðið mjög erfiðar. Átök á vinnumarkaði verði æ harðari og kröfur launafólks eru skýrar, að hækka lægstu laun þannig að hægt sé að lifa af þeim mannsæmandi lífi. „Það er alveg ljóst að ríkið hefur sýnt örlítið á spilinn, það er augljóst svigrúm til launahækkana og lægst launaða fólki á ekki að þurfa að bera byrðar þessa þjóðfélags enn og aftur,“ segir Aðalsteinn.

sveinn@frettabladid.is



Forystumenn þessarar ríkisstjórnar eiga sjálfir alveg fyrir kók og pylsu og því þykir mér ekki líklegt að þessi ríkisstjórn beiti sér til að jafna bilið milli fátækra og ríkra á þessu kjörtímabili.

Aðalsteinn Árni Baldursson, formaður Framsýnar á Húsavík.

Lyfjaauglýsing

20% afsláttur af öllum pakkningum



Afslátturinn gildir í febrúar.

Lyfjaval Mjódd Álftamýri
Bílaapótek Hæðasmára
APÓTEK Lyfjaval.is • sími 577 1160

Minnihluti vill að læknaþingur verði fyrirmynd annarra kjarasamninga: Óttast verðbólgu og meiri skuldir

KÖNNUN Minnihluti landsmanna vill að aðrir fái sambærilegar launahækkanir og læknaþingur samkvæmt niðurstöðu könnunar Capacent Gallup. Könnunin var gerð fyrir Samtök atvinnulífsins dagana 15. til 29. janúar síðastliðinn.

Nærri átta af hverjum tíu Íslendingum telja að verðbólga muni aukast og verðtryggðar húsnæðis-skuldir hækka ef laun allra hækka jafn mikið og lækna.

Capacent Gallup spurði Íslendinga áhlits í janúar í kjölfar kjarasamninga fjármálaráðuneytisins og lækna, en vísad hefur verið til þeirra sem fyrirmyndar í kjaraviðræðum fram undan á almennum vinnumarkaði.

Þá telja rúmlega sjö af hverjum tíu að vextir muni hækka í kjölfar slíkra samninga.

Þegar spurt er um áhrif svo mikilla launahækkana á verðtryggðar húsnæðis-skuldir ef samið yrði við aðrar starfsstéttir um sambærilegar hækkanir og lækna sömdu um telur 79,1 prósent að verðtryggðar skuldir muni hækka, 19,3 prósent að skuldirnar muni standa í stað en 1,5 prósent að þær muni lækna.

Í könnuninni var einnig spurt hversu sammála eða



Á LANDSPÍTALANUM 2.900 voru í úrtakinu í könnun Gallups. Fjöldi svarenda var 1.720. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

ósammála þátttakendur væru fullyrðingum um að ekki ætti að semja við aðrar starfsstéttir um sambærilegar launahækkanir og lækna sömdu um. 49,2 prósent þeirra sem svöruðu sögðust sammála fullyrðingunni, 38,1 prósent var ósammála en 12,7 prósent tóku ekki afstöðu.

-ngy



Breskir dagar



Breskt skal það vera Shepherd's Pie fyrir 6

Lambahakk
1.699 kr/kg

Innihald:

- | | |
|------------------------|-------------------------------|
| 1 stk rauðlaukur | 500 g lambahakk |
| 2 stk gulrætur | 400 g tómatar í dós, hakkaðir |
| 2 stk sellerí stönglar | 250 ml lambasoð eða nautasoð |
| 2 stk hvítlauks geirar | 1,5 kg kartöflur |
| 20 g ferskt rósmarín | 100 ml léttmjólk |
| 1 dl Ólífuolía | 150 g smjör |


Hreinsið selleríið, laukinn og gulræturnar og skerið í grófa bita. Fínskerið hvítlaukinn og hreinsið rósmarín af stönglunum. Hitið stóra pönnu á miðlungshita, hellið ólífuolíu á og setjið grænmetið, laukinn og megnið af rósmarín á pönnuna. Eldið í sirka 6-8 mín. Hækkið hitann og setjið lambahakkið á pönnuna og steikið í sirka 8-10 mín. Þegar kjötið er tilbúið er allur vökvi fjarlægður. Bætið svo við tómötunum og soðinu ásamt salti og pipar. Hrærið vel og látið sjóða. Setjið lok á pönnuna, lækkið hitann og látið sjóða í 50 mín.

Kartöflumús

Afhýðið kartöflurnar og skerið til helminga eða ¼ með tilliti til stærðar. Setjið í sjóðandi vatn ásamt smá salti. Sjóðið í 10 mín. eða þangað til tilbúna. Stingið hnífi í þær til að athuga hvort þær séu mjúkar í gegn. Fjarlægjið vatnið, bætið við mjólk og smjöri og stappið þangað til kartöflurnar eru músaðar. Bætið við salti og pipar að vild. Forhitið ofninn í 190°C. Setjið lambahakkið í eldfast mót og kartöflumúsina ofan á ásamt því að dreitla ólífuolíu ofan á. Gott er að nota restina af rósmarín kryddinu til að skreyta kartöflumúsina. Eldið í 25 mín.



Bökunarkartöflur frá Englandi
Verð nú 199 kr/kg
Verð áður 238



NÝTT



Fentimans
Hafa framleitt vörur í yfir 100 ár

NÝTT



Teapigs
Bresk gæða te

NÝTT



Rude Health
Lífrænar vörur án viðbættis sykurs

EKTA BRESKT



Heinz Beanz
Bakaðar baunir í mörgum útgáfum

NÝTT



Walkers' karamellur
Ekta breskar karamellur

NÝTT



Ef 3/4 af gin & tonic er Tonic vertu þá viss um að nota ekta Tonic Water

Tonic Water
Inniheldur hvorki gervisætu né rotvarnarefni

EKTA BRESKT



Snowdonian
Margverðlaunaðir Cheddar ostar frá Wales

EKTA BRESKT



Jacob's tekex
Tekex með te drykkjunni

Gildir til 15. febrúar á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Sigfirðingar ósáttir: Kvóti á leið burt úr bænum

SIGLUFJÖRÐUR Siglunes hf., útgerð á Siglufirði, hefur verið seld til Eignarhaldsfélagsins Ögurs ehf. Kaupsamningur var undirritaður 21. janúar síðastliðinn.

Bæjarráð Fjallabyggðar harmaði á fundi sínum fyrir mánaðamót að veiðheimildir væru á leið út úr bæjarfélaginu. Fjallabyggð hafði rétt á að kaupa þær aflaheimildir sem til sölu voru, en nýtti sér ekki forkaupsréttinn og taldi sig ekki vera í aðstöðu til þess. - sa

Bæjarstjórn í Fjallabyggð: Laun fást ekki gefin upp strax

STJÓRNSÝSLA Upplýsingar um ráðningarsamning nýs bæjarstjóra Fjallabyggðar og starfslokasamning fyrrverandi bæjarstjóra fást ekki uppefnar að svo stöddu.

Bæjarráð Fjallabyggðar samþykkti 23. janúar ráðningarsamning Gunnars I. Birgissonar og starfslokasamning Sigurðar Vals Ásbjarnarsonar. „Lít svo á að bæjarstjórn hafi með endanlega afgreiðslu málsins að gera. Fundur bæjarstjórnar þar sem umrædd mál verða til umfjöllunar og afgreiðslu verður haldinn eftir viku,“ svaraði Ólafur Þór Ólafsson, deildarstjóri stjórnsýslusviðs Fjallabyggðar, í gær ósk um afrit af samningunum. - gar



GUNNAR I. BIRGISSON

Grikkir standa frammi fyrir erfiðum viðræðum

Forsætisráðherra Grikklands sagðist afar bjartsýnn eftir að hafa rætt við forseta framkvæmdastjórnar ESB og fleiri ráðamenn í Brussel í gær. Grikkir hafa samt enn ekki gert grein fyrir hvernig þeir hyggjast finna lausn.

GRIKKLAND Angela Merkel Þýskalandskanslari sagði í gær of snemmt að velta fyrir sér samningum við Grikkland, þar sem nýja stjórnin þar í landi hefur ekki enn gert neina grein fyrir því hvernig fara eigi að því að létta skuldabyrðinni af Grikklandi.

Donald Tusk, forseti leiðtogaráðs Evrópusambandsins, sagði ljóst að samningaviðræður um grísku skuldirnar yrðu erfiðar. Grikkland þyrfti að leggja þar sitt af mörkum.

Þessi orð féllu í gær eftir að Alexis Tsipras, forsætisráðherra Grikklands, hafði gengið á fund Jean Claude Juncker, forseta framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Tsipras hitti einnig fleiri ráðamenn í Brussel, en bæði Tsipras og Janis Varúfakis, fjármálaráðherra stjórnar hans, hafa undanfarna daga ferðast til margra helstu höfuðborga Evrópuríkja til að ræða við ráðamenn um breytingar á skuldaskilmálum.

„Við erum að bíða eftir áþreifanlegum tillögum, og þá getum við spjallað betur saman,“ sagði Merkel. Ekki er reiknað með að hún hitti Tsipras fyrr en 12. febrúar, á næsta leiðtogafundi Evrópusambandsins.

„Við erum ekki komnir strax með samning, en við erum á góðri leið með að finna raunhæft samkomulag,“ sagði Tsipras hins vegar eftir fund sinn með Juncker. „Ég er mjög bjartsýnn á að við séum á góðri leið eftir þessar viðræður.“

Eitt af því sem fyrri stjórnvöld í Grikklandi hafa verið gagnrýnd fyrir er að ráðast ekki gegn þeirri landlægu spillingu og kerfismisnotkun sem keyrði landið í strand efnahagslega. Í viðtali við þýska fjölmiðilinn Zeit Online segir Varúfakis fjármálaráðherra að í þessu sé nýja gríska stjórnin frábrugðin fyrri stjórnvöldum:



LEIDDUST HÖND Í HÖND Alexis Tsipras fékk góðar móttökur hjá Jean Claude Juncker, forseta framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

„Við erum kannski óreyndir, en við erum ekki partur af kerfinu,“ svarar Varúfakis. „Og við fáum ráðgjöf.“

Hann gaf líka afdráttarlaust loforð í þessu viðtali: „Grikkland mun, að frádregnum vaxtagjöldum, aldrei nokkurn tímann aftur verða með halla á fjárlögum. Aldrei, aldrei aldrei!“

Svo kom hann með eina tillögu um það, hvernig hægt væri að lækka greiðslubyrði skuldanna án þess að lækka skuldirnar sjálfar: „Vaxtagreiðslur verði tengdar við hagvöxtinn.“

gudsteinn@frettabladid.is



„Við erum að bíða eftir áþreifanlegum tillögum, og þá getum við spjallað betur saman.“

Angela Merkel, Þýskalandskanslari.

www.volkswagen.is



Vinsælasti atvinnubíll á Íslandi síðastliðin ár!




Caddy með nýju sniði

Caddy City er enn einfaldari og hagkvæmari útfærsla af Volkswagen Caddy, sniðin að þörfum þeirra sem vilja traustan vinnufélaga til að létta sér lífið við dagleg störf. City er viðbót í sendibílalínu Volkswagen Caddy.

Það er engin tilviljun að Volkswagen Caddy hefur árum saman verið mest seldi atvinnubíllinn á Íslandi. Með tilkomu City er enn auðveldara að bætast í hóp hæstánægðra Volkswagen-eigenda.

Caddy City kostar aðeins frá

2.630.000 kr.

(2.120.968 kr. án vsk)



Atvinnubílar



Mikið úrval baðinnréttinga með postulínshandlaug
Stærðir 60 - 100 cm.
Verð frá 29.145



Allt á baðið!

Vönduð sturtuhorn, margar gerðir og stærðir 70x70, 80x80 og 90x90 cm. **Verð frá 38.733**
WC Gala upphengd eða á gólf.

Verð frá 31.510

Speglaskápar með ljósi, stærðir 50 - 100 cm.

Verð frá 20.400

Baðinnréttingar með spegli og ljósi,
Verð frá 39.900



Ceramics Gala 30 ár á Íslandi

Speglaskápar

Gæði, úrval og gott verð!
Opið virka daga frá 9 til 18
laugardaga 11 til 15
Ármúla 31 - Sími 588 7332
i-t.is



GOTT ÚRVAL NOTAÐRA BÍLA

Skoðaðu úrvalið á
bilaland.is

ALLT AÐ 90%
FJÁRMÖGNUN



TÖKUM NOTADAN
UPPI NOTADAN!
GERÐU FRÁBÆR KAUP!

VW POLO COMFORTLINE
Nýskr. 06/12, ekinn 38 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
Rnr. 120593.

Frábært verð!
2.190 þús.



SUZUKI GRAND VITARA
Nýskr. 06/11, ekinn 56 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 3.690 þús.
Rnr. 102377.



HYUNDAI ix20 COMFORT
Nýskr. 06/11, ekinn 65 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 2.590 þús.
Rnr. 310105.



SUBARU LEGACY SPORT
Nýskr. 09/08, ekinn 75 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 2.150 þús.
Rnr. 120592.



RENAULT CLIO EXPRESSION
Nýskr. 05/13, ekinn 16 þús. km.
dísil, beinskíptur.
VERÐ kr. 2.290 þús.
Rnr. 282438.



RANGE ROVER VOGUE DÍSil
Nýskr. 06/09, ekinn 60 þús. km.
dísil, sjálfskíptur.
VERÐ kr. 9.990 þús.
Rnr. 282437.



HONDA ACCORD ELEGANCE
Nýskr. 07/13, ekinn 37 þús. km.
dísil, beinskíptur.
VERÐ kr. 4.090 þús.
Rnr. 282432.

bilaland

Kletthálsi 11 -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is



www.facebook.com/bilaland.is

Alþýðusamband Íslands (ASÍ) áréttar um kaup og kjör áhafna Primera Air: Vilja láta stöðva brotastarfsemi

KJARAMÁL Miðstjórn ASÍ áréttaði í gær að um kaup og kjör áhafna Primera Air gildi íslensk lög og kjarasamningar. Alþýðusambönd á öllum Norðurlöndunum líta rekstur og aðferðafræði Primera Air, Ryanair og fleiri alvarlegum augum.

ASÍ skoraði á íslensk stjórnvöld að nýta lögbundnar heimildir sínar til þess að stöðva brotastarfsemi félagsins og bentu á lög um starfsmannaleig og um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda hingað starfsfólk.

Stjórnendur Primera Air segja yfirlýsingu ASÍ furðulega, óréttmæta og villandi.

Þetta kemur fram í yfirlýsingu frá flugfélaginu sem send var fjölmiðlum í gærkvöldi.

Þar segir að ASÍ hafi ekki byggt ályktun sína á neinni sérstakri vitneskju, þekkingu eða staðreyndum. Flugfélagið kveðst telja ásakanir ASÍ svo alvarlegar og ærumeiðandi að það áskilur sér rétt til að leita réttar síns fyrir dómstólum.



Á VELLINUM Alþýðusambönd allra Norðurlanda vilja reyna að stöðva meinta brotastarfsemi Primera Air.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Mál fyrir Hæstarétti hafa aldrei verið fleiri

Álagið á Hæstarétti hefur síður en svo minnkað en samt hefur dómurum fækkað. Nefnd um millidómstig hefur ekki enn skilað af sér tillögu en stefnt var að því að frumvarp kæmi fram í mars í fyrra. Millidómstig myndi létta álagið verulega.

DÓMSMÁL Álagið á Hæstaréttardómurum hefur síður en svo minnkað frá því tekin var ákvörðun um að fækka þeim, eftir að þeim var fjölgað í kjölfar efna-hagshrunsins.

Dómurum við Hæstarétt var fjölgað um þrjú árið 2011 og voru þá tólf, en hefur nú aftur verið fækkað niður í níu. Á síðasta ári fjölgaði skráðum málum við Hæstarétt um 36 og var fjöldi þeirra því alls 111 eða 13 prósentum fleiri en meðaltal árunna 2008 til 2013. Skráð ný mál hafa aldrei verið fleiri.

Kærum í einkamálum til Hæstaréttar fjölgaði verulega og voru 96, eða um 33 prósent.


Þá hefur dæmdum málum við réttinn einnig fjölgað, voru í fyrra 764 sem er 10 prósentum fleiri en meðaltal árunna 2008 til 2013. Ódæmd sakamál eru 30 prósentum fleiri en meðaltal árunna 2010 til 2013, eða 74 mál, en fjöldi ódæmdra einkamála í árslok var svipaður og undanfarin ár, eða 133 mál.

Frá því 1. mars í fyrra var dómurum við réttinn fækkað úr tólf í níu, en þeim hafði verið fjölgað vegna fyrirsjáanlegs álags á Hæstarétt.

Boðað hefur verið nýtt frumvarp um millidómstig sem kæmi óhjákvæmilega til með að létta álaginu af Hæstarétti. Í kjölfarið myndi dómurum þar fækka.

Innanríkisráðuneytið skipaði nefnd undir forystu Kristínar Edwald hæstaréttarlögmanns.

NÝ MÁL VIÐ HÆSTARÉTT 2008-2014



Aðrir nefndarmenn eru Hafsteinn Þór Hauksson, lektor við Háskóla Íslands, og Hervör Þorvaldsdóttir héraðsdómari.

Þessari nefnd var ætlað að koma með tillögu að því hvernig slíku dómstigi yrði komið á laggirnar. Nefndin hefur ekki enn skilað af sér álit. Nefndin var upphaflega skipuð í ágúst árið 2013 og stefnt var að því að hægt yrði að leggja fram frumvarp byggt á tillögum hennar í mars árið 2014.

Samkvæmt upplýsingum frá innanríkisráðuneytinu er gert ráð fyrir að tillögunni verði skilað

→ Á síðasta ári fjölgaði skráðum málum við Hæstarétt um 36. Þau voru alls 111 talsins eða 13% fleiri en meðaltal árunna 2008-2013.

Í lok þessa mánaðar en eftir það þarf að taka ákvörðun um hvort tillagan fari í umsögn.

Vonast er til þess að hægt verði að leggja fram frumvarp um millidómstig á þessu þingi en frestunin til að leggja fram frumvarp er til 31. mars. fanney@frettabladid.is

Á fimmta tug manna taldir hafa farist þegar farþegaflugvél hrapaði í Taívan: Fimmtán manns bjargað á lífi

TAÍVAN, AP Síðdegis í gær hafði tekist að bjarga fimmtán manns á lífi úr farþegaflugvél sem fórst í Taívan í gær. Óttast var að 43 hefðu farist þegar vélin hrapaði í höfuðborginni Taípei.

Ekki er vitað hvað olli slysinu, en vélin var á vegum taívanska flugfélagsins TransAsia. Í taívönsku útvarpi var aftur og aftur spiluð upptaka af síðustu samskiptum flugmanna við flugturn, þar sem flugmaður hrópaði þrisvar neyðarorðið „Mayday“ og „bilun í hreyfli“. Upptakan gaf þó enga vísbendingu um það hvað komið hefði fyrir.

„Það er of snemma núna að velja því fyrir sér hvort það hafi verið vélin eða áhöfnin,“ sagði Greg Waldron, ritstjóri flugtímaritsins Flightglobal í Singapúr.

Nokkrir vegfarendur tóku myndbönd af slysinu, sem sýnd voru í fjölmiðlum víða um heim í gær. Þar sést vélin koma fljúgandi í áttina að brú, snúast svo nokkuð skyndilega á hlið, reka vænginn í bifreið og brúarhandrið og hrapa síðan í Keelung-ána.

Um borð í vélinni voru 58 manns. Flestir farþeganna voru frá Kína. Vélin var af gerðinni ATR 72, smíðuð í Frakklandi og á Ítalíu. Síðasta sumar fórust tugir manna þegar önnur vél sömu gerðar, frá sama taívanska flugfélaginu, hrapaði.



LEITAD Í FLAKI VÉLARINNAR Björgunarfólk hrapaði sér að vélinni, sem stóð upp úr ánni að litlum hluta. FRÉTTABLAÐIÐ/PEA

-gb

DEBENHAMS

BIOThERM

ChristianDior

CLARINS

CLINIQUE

DEBENHAMS
snyrtivörur

EGF

ElizabethArden
NEW YORK

ESTÉE LAUDER

HR
HELLENA RUBINSTEIN

JOHN FRIEDA
COLLECTION
LONDON PARIS NEW YORK

LANCÔME
PARIS

nails inc.
LONDON

ST.TROPEZ

SENSAI

SHISEIDO

YVES SAINT LAURENT

*Gerdur lifid
skemmtilegra*

20%

AFSLÁTTUR

AF SNYRTIVÖRUM*

Fullt af flottum merkjum

*Gildir ekki af snyrtivörum frá Mac

AÐEINS Í DAG

Opið 11 til 21 í dag



Finndu okkur á facebook

DEBENHAMS SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

Nýr vefur tekinn í gagnid: Birta stutta heimildarmynd

SAMFÉLAG Vefurinn neteinelti. is og stuttmynd sem þar er að finna er hluti af lokaverkefni ellefu manna hóps kennaranema í grunnskólakennarafræðum til B.Ed.-gráðu vorið 2014.

Hópurinn ákvað nýverið að færa Heimili og skóla, landsamtökum foreldra, vefinn til umsjónar en samtökin hafa þegar notað hann í fræðslustarfi sínu í grunnskólum. Í stuttmyndinni er rætt við ungt fólk um ýmsar hliðar eineltis. - kbk

Svandís Svavarsdóttir sendir fyrirspurn til innanríkisráðherra um aðgerðaáætlun gegn mansali:

Vill skrifleg svör um mansal á Íslandi

STJÓRNMÁL Svandís Svavarsdóttir, þingmaður Vinstri grænna, hefur lagt fram fyrirspurn á Alþingi til innanríkisráðherra um aðgerðir gegn mansali.

Fyrirspurnin er í tólf hlutum og spyr Svandís meðal annars hver eða hverjir beri ábyrgð á því að fórnarlömb mansals fái þá aðstoð sem þeim ber samkvæmt alþjóðasamningum, hvaða ráðstafanir séu gerðar til þess að grennslast fyrir um hvort mansal viðgangist og hvort fólk hafi verið selt hingað.

ACER TRAVELMATE
15.6" fartölva með Intel i3 örgjöfva, 8GB minni, 500GB disk og Windows 7 eða 8.1

P255

99.900

15.6" TRAVELMATE

TOSHIBA L50
15.6" fartölva með Intel i5 örgjöfva, 8GB minni, 500GB disk og Windows 8.1

L50-B-18H

109.900

10 PÚSUND
AFSLÁTTUR

TOSHIBA Á BETRA VERÐI

PÚ FÆRD
MACBOOK
Á BETRA VERDI
ENN BETRA VERDI

13.3" MacBook AIR

- Intel Core i5-4255U 2.5GHz Turbo 4xHT
- 4GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 128GB SSD PCIe Flash - 60% hraðari
- 13.3" IPS Retina 2560x1600 skjár
- Intel Iris Graphics og HDMI tengi
- AC WiFi, BT4.0, USB 3.0, Thunderbolt 2
- Apple OS X Mavericks stýrikerfi

199.900
ALGENGT VERÐ 239.990

5 LITIR

CAMPUS FRÁ: 3.990

FARTÖLVUTÖSKUR

VERÐ FRÁ: 4.990

HÁGÆÐA TÖSKUR

ARCIC S113

9.900

PRÁÐLAUS HÁTALARI

LEYFI 4ÁR
FYRIR FRÁNHÁLSKÓLA OG HÁSKÓLA HEIÐENDUR Í NOTANDI, 2 TÖLVA-PCÁMAC.

OFFICE 365
WORD, EXCEL, OUTLOOK, POWERPOINT, ONENOTE OG ÖTAKMARKAD PLÉSS & ONEDRIVE

Office University 11.900

MENNTA- OG HÁSKÓLAR

ISECUR1

2.990

ÖRYGGISVÖRN

acer ASUS WENGER hp lenovo packard bell McAfee SAMSUNG Microsoft TOSHIBA

OPNUNARTÍMAR

Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00



TÖLVUTEK

Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

Hefur barnið þitt aðgang að náms- og starfsráðgjöf?

Náms- og starfsráðgjafi í grunnskóla er trúnaðarmaður og talsmaður nemenda vegna mála sem tengjast námi þeirra og skólagöngu. Hlutverk hans er m.a. að leiðbeina nemendum um góð vinnubrögð og námsvenjur, að veita upplýsingar um nám og kynna framhaldsskóla, að aðstoða nemendur við að gera sér grein fyrir áhugasviðum sínum og setja sér markmið, að vera stuðningsmaður nemenda vegna erfiðleika eða áfalla og að vinna með kennurum og öðru starfsfólki að bættum samskiptum nemenda og gegn einelti. Samstarf við foreldra/forráðamenn er einnig mikið.

MENNTUN



Rannveig Óladóttir
Sigríður Bíldal
náms- og starfsráðgjafar í grunnskóla

hvort þeir hafa tilskylda menntun og ef ekki, hvaða aðra menntun fólk sem sinnir starfinu hefur.

Niðurstöður könnunarinnar benda til að ekki séu starfandi náms- og starfsráðgjafar í u.þ.b. þriðjungi grunnskóla á landinu. Starfsheitið náms- og starfsráðgjafi hefur verið lögverndað síðan 2009 en í þriðjungi þeirra skóla sem hafa náms- og starfsráðgjafa hafa aðrir verið ráðnir til að sinna starfinu. Í þeim hópi má finna leikskólakennara, þroskaþjálfara, iðjuþjálfara, sálfræðinga, sérkennara, almenna kennara, félagsráðgjafa, félags-

fræðinga, skólastjóra og fyrrverandi skólastjórnendur.

Víða pottur brotinn

Af framansögðu má ljóst vera að víða er pottur brotinn í grunnskólum landsins varðandi náms- og starfsráðgjöf. Mikill fjöldi nemenda fær ekki þessa lögboðnu þjónustu. Þessi staða er óviðunandi. Á undanförunum árum hafa verið gerðar rannsóknir og skrifaðar margar skýrslur sem allar hafa lagt áherslu á mikilvægi þess að efla náms- og starfsráðgjöf en lítið hefur þokast í rétta átt. Á vegum mennta-

→ Niðurstöður könnunarinnar benda til að ekki séu starfandi náms- og starfsráðgjafar í u.þ.b. þriðjungi grunnskóla á landinu.

málaráðuneytisins er nú unnið að stefnumótun um málefni náms- og starfsráðgjafar. Vonandi skilar sú vinna þeim árangri að réttur barna til þess að hafa aðgang að náms- og starfsráðgjöf verði virtur, ekki bara í orði heldur einnig á borði.

Aðalnámskrá grunnskóla frá 2011 gerir ráð fyrir að náms- og starfsráðgjafar séu hluti af lögbundinni sérfræðisþjónustu fyrir grunnskólabörn og á það við um alla nemendur frá fyrsta bekk og upp úr. Kveðið er á um rétt barna til að njóta náms- og starfsráðgjafar í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 (13. grein) og í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, en þar segir í 28. grein: „Aðildarríki viðurkenna rétt barns til menntunar og skulu þau, til þess að réttur þessi nái fram að ganga [...] Sjá til þess að upplýsingar og ráðgjöf um nám og starfsval séu fyrir hendi og aðgengilegar öllum börnum.“

Hver er staðan?

Í nóvember sl. var gerð könnun á stöðu náms- og starfsráðgjafar í grunnskólum. Sendur var spurningalisti, rafrænt, til allra skólustjóra á landinu. Skólarnir eru 176. Svör bárust frá 115 skólum, eða 65%, sem er nægileg svörun til þess að draga af marktækar ályktanir.

Kannað var hvort náms- og starfsráðgjafar starfa í skólunum,

Sala á kirkjum

Lesandi góður, mig langar að kynna fyrir þér hugmynd sem ég hef um hvernig hægt er að brúa bilið sem er hjá þjóðkirkjunni þar sem hana vantar 600 milljónir til þess að við-

KIRKJUR



Sigurður Óskarsson
formaður Ungra Pírata

halda kirkjum landsins svo þær liggja ekki undir skemmdum, en kirkjurnar eru víst um 800 talsins.

Því er ég með hugmynd um hvort ekki sé hægt að selja kirkjur til að brúa þetta bil. Núna hefur sjálfur fjármálaráð-

herra, Bjarni Benediktsson, spurt hvort ekki væri hægt að selja eignir til að standa í skilum. Ég tel að þessi hugmynd sé svolítið skemmtileg og atvinnuskapandi þar sem innrétt þarf kirkju með turni og öllu. Þetta getur aukið möguleika á að unga fólk flytji aftur í heimabyggð þar sem sums staðar vantar húsnæði.

Vissulega eru kannski kvaddir eins og grafir í bakgarðinum og það þarf víst að afkirkja húsið til þess að það sé ekki lengur guðshús. Þetta er svona hugmynd sem mig langar að varpa fram til ykkar og skoða hvort ekki sé grundvöllur fyrir þessu. Það gæti verið mjög gaman fyrir listafólk að gera eitthvað sem gleður augað og væri skemmtilegt tækifæri til að leyfa okkur að vera opin og viðsýn. Til eru dæmi erlendis um að kirkjum hafi verið breytt í bókasafn, skemmtistað og heimili.

Dansleikir í Hallgrímskirkju, þar er mikið gólfpláss og stórt orgel er þegar á staðnum.

Þá er ég ekki endilega að tala um skemmtistað fyrir ungt fólk eingöngu með plötusnúð á staðnum sem væri líka í lagi, heldur einnig svona 19. aldar dansleik með kjólfatnað jafnt fyrir unga sem aldna eða jú kannski svona skemmtistað.

FERMING

2015

... myndir / verð
facebook: gallerisautjan

Taktu þátt í fermingarleik
á instagram #galleri17ferming

galleri sautján

Kringlan | Smáralind

MERKISATBURÐIR

- 1885** Leópolld II Belgíukonungur lýsir Kongó sína einkaeign.
- 1900** Fulltrúar Bandaríkjanna og Bretlands rita undir samkomulag um Panamaskurðinn.
- 1939** Francisco Franco verður leiðtogi Spánar.
- 1962** Charles de Gaulle Frakklandsforseti tilkynnir að Alsír muni fá sjálfstæði.
- 1972** Bob Douglas verður fyrsti þeldökki maðurinn til að fá innngöngu í frægðarhöll NBA.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

PÓRUNN INGIBJÖRG FRIÐFINNSDÓTTIR
áður til heimilis að
Tjarnarstíg 30, Seltjarnarnesi,



lést að Elliheimilinu Grund í Reykjavík, sunnudaginn 25. janúar. Jarðsett hefur verið í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Jórunn Sigfúsdóttir
Stefanía Stella Sigfúsdóttir
Jón Sigfússon
Kolbrún Edda Sigfúsdóttir
Friðfinnur Gunnar Sigfússon
tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær sambýliskona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

JÓNÍNA JÓNSDÓTTIR
Lindasíðu 2, Akureyri,



lést 31. janúar á Dvalarheimilinu Hlíð. Útförin mun fara fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Þökkum samúð og hlýhug okkur til handa vegna fráfalls hennar.

Gunnar Lúðvíksson
Hrefna Svanlaugsdóttir
Garðar Svanlaugsson
Halla Svanlaugsdóttir
Margrét Svanlaugsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Hallur Guðmundsson
Tordis Albinus
Aðalgeir M. Jónsson
Guðmundur V. Gunnarsson
barnabörn og barnabarnabörn.



Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

SIGRÚN THEÓDÓRSDÓTTIR
Hraunvangi 1, Hafnarfirði,



lést laugardaginn 31. janúar á Hrafnistu Hafnarfirði. Útför hennar fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju miðvikudaginn 11. febrúar kl. 13.00.

Birgir H. Erlendsson
Arndís Birgisdóttir
Erlendur P. Birgisson
Hallur Birgisson
barnabörn og barnabarnabörn.

Kristján Haraldsson
Kristín Dóra Karlsdóttir



Maðurinn minn elskulegur, faðir okkar og tengdafaðir,

ÖNUNDUR ÁSGEIRSSON
er látinn.



Eva Ragnarsdóttir
Páll Torfi Öundurson
Ragnar Öundurson
Ásgeir Öundurson
Greta Öundurardóttir

Kristín Hanna Hannesdóttir
Áslaug Þorgeirsdóttir
Risziyah
Páll Halldórsson



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð, hlýhug og vináttu vegna andláts og útfarar elskulegs eiginmanns, föður, tengdafaður, afa og langafa,

PÉTURS GUÐBJÖRNS SÆMUNDSSONAR
skipstjóra,
Vallarbraut 6, Njarðvík.



Sérstakar þakkir færur við starfsfólki Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja og krabbameinsgöngudeildar Landspítalans fyrir einstaklega góða umönnun og hlýtt viðmót.

Edith María Óladóttir
Anna María Pétursdóttir
Jón Pétursson
Guðbjörg Pétursdóttir
Pétur Óli Pétursson
barnabörn og barnabarnabörn.

Sámal Jákup
Guðlaugur Helgi Guðlaugsson
Lilja Valþórsdóttir

PETTA GERÐIST 5. FEBRÚAR 1960

Bill Russell grípur flest fráköst í sögunni

Pann 5. febrúar 1960 tók Bill Russell, stórstjarna körfuknattleiksliðsins Boston Celtics, 51 frákast í leik gegn Syracuse. Russell setti þá met yfir flest fráköst í einum leik.

Það var slegið tæpum tíu mánuðum síðar þegar Wilt Chamberlain náði 55 fráköstum, einmitt gegn Russell og félagum.

Met Chamberlains stendur enn þá og er Russell ennþá í öðru sæti. Ólíklegt er að þessi met verði nokkurn tíma slegin, því fráköstum í NBA-deildinni hefur fækkað til muna með bættri skottækni leikmanna og nýjum áherslum í leikfræði.

Félagarnir Chamberlain og Russell háðu marga hildina í árdaga NBA-deildarinnar. Chamberlain var með betri tölfræði sé litið til einstaklingsframtaksins en Russell vann mun fleiri leiki og meistaratitla. Russell hlaut ellefu titla á sínum þrettán ára ferli og verður það líklega aldrei leikið eftir. Chamberlain á aftur á móti fjölmörg met sem verða líklega aldrei slegin, til dæmis skoraði hann hundrað stig í einum leik. Chamberlain hlaut eingöngu tvo titla, sem ætti að teljast rýr uppskera fyrir mann sem hafði jafn mikla yfirburði og hann.



MARKPJÁLFI Brynja Bragadóttir hefur unnið með vinnustaðaeinelti í mörg ár og bæði aðstoðað stjórnendur við að bæta vinnuþingningu sem og aðstoðað fólk við að vinna úr erfiðri reynslu.

Algengast að yfirmenn hefji einelti á vinnustað

Brynja Bragadóttir fjallar um vinnustaðaeinelti á Markþjálfunardeginum í dag. Í sjötíu prósentum tilvika eru það stjórnendur sem leggja í einelti sem svo smitast út til annarra.

Einelti á vinnustað getur viðgengist lengi áður en starfsmaðurinn sem verður fyrir því gefst upp eða er látinn fara. Fáar rannsóknir hafa verið gerðar hér á landi á vinnustaðaeinelti en í erlendum rannsóknum hefur komið í ljós að í um 70 prósentum tilvika eru það stjórnendur sem leggja undirmenn í einelti.

Brynja Bragadóttir, NLP-markþjálfari og Ph.D. í vinnu- og heilsusálfræði, segir eineltið oft miða að því að losna við starfsmanninn og það takist í flestum tilfellum.

„Þeir sem leita til mín segja margir sömu söguna, að einelti hafi byrjað með einum stjórnanda en hafi svo undið upp á sig og orðið að fjölelti. Það er þegar fleiri á vinnustaðnum taka þátt í eineltinu sem svo veldur því að starfsmaðurinn er kominn út í horn og á engra

annarra kosta vól en að segja upp, ef honum hefur þá ekki í millitíðinni verið sagt upp.“

Fólk sem leitar til Brynju til að byggja sig upp eftir einelti á í mjög mörgum tilfellum erfitt með að fá vinnu aftur eftir eineltið.

„Það skaðar svo starfsframann að lenda í þessu. Neikvætt orðspor getur fylgt fólkinu áfram á litlum vinnu-markaði, það er erfitt að fá meðmæli frá vinnuveitanda af því að á vinnustaðnum er eineltið afsakað með því að viðkomandi hafi verið uppspretta vandans og í þriðja lagi er erfitt að útskýra starfslokina á fyrri vinnustað.“

Samkvæmt íslenskum vinnustaðakönnunum telja fimm prósent starfsmanna sig hafa orðið fyrir einelti. Brynja segir að allir geti lent í þessum

aðstæðum, ekki síst flóttir starfsmenn sem skara fram úr og standa sig betur en aðrir enda veki þeir öfund og óryggi. Hún segir helsta vopnið í eineltis-umræðunni vera fræðsla og fyrirbyggjandi aðgerðir.

„Fyrsta skrefið er að fræða og þá sjá kannski stjórnendur ýmislegt sem betur má fara á þeirra vinnustað. Þegar þeir eru orðnir meðvitaðir kemur hvatinn til að vilja breyta, til dæmis að vilja gera vinnustaðarmenninguna heilbrigðari.“

Brynja heldur fyrirlestur um það hvernig stjórnendur geta orðið betri með aðferðum NLP-markþjálfunar á Markþjálfunardeginum í dag á Hilton Nordica. Yfirskrift dagsins er „Þinn árangur!“ og munu fjórtán markþjálfar halda erindi.

erla@frettabladid.is



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

GUÐBJÖRG FINNBOGADÓTTIR
frá Vattarnesi,
Mávabrut 10a, Keflavík,



lést á hjúkrunarheimilinu Hlévangi laugardaginn 31. janúar. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju þriðjudaginn 10. febrúar kl. 13.00.

Kristín E. Kristjánsdóttir
Unnur H. Kristjánsdóttir
og fjölskyldur.



Elskulegur faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

GÍSLI ÞÓRÐARSON
Hlíðarvegi 34,



lést á heilbrigðisstofnun Suðurnesja 23. janúar. Jarðarför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Sérstakar þakkir til starfsfólks Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja fyrir góða umönnun.

Þórður Gíslason
Hrafnhildur Gísladóttir
Berglind Gísladóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Sigríður Sigurðardóttir
Roy Morlen
Steinþór Páll Garðarsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Hafa skal það sem betur hljómar

FLOTT VERÐ & VEGLEG TILBOÐ



SAMSUNG
SMART TV

H6675 LÍNAN
LED SJÓNVARP · 600 Hz ·
Full HD 1920x1080p
3D · SMART TV · Gervihnatta
móttakari · Micro Dimming ·
Gervihnatta móttakari

48" 199.900,-

SAMSUNG
SMART TV

H6475 LÍNAN
LED sjónvarp · 400 CMR (rið)
3D · smart TV með þráðlausu neti.

55" 269.900,-

65" 449.900,-



Sharp LC-50LE761
50" Sjónvarp
kr. 175.900,-

Tilboðsverð
135.900,-



40" H5005 99.900,-
48" H5005 149.900,-

SUPER SMASHBROS

Nintendo
Wii U

Nintendo Wii U
Leikjatölva ársins
2014 hjá Forbes.



kr. 11.500,-

Nintendo
NINTENDO 2DS



kr. 29.900,-

Pioneer
HLJÓMTÆKI

X-HM21-K
Hljómtækjastæða

2 x 15W magnari, FM útvarp m. 40 stöðva minni
Spilar: CD, MP3, WMA, CD-R/RW,
Tengi: USB, RCA, Heyrnartól
Spilar iPod í gegnum USB, standur f. iPod fylgir.



32.900,-

Pioneer
HLJÓMTÆKI

MCS-434
Blu Ray heimabíóstaða
kr. 75.900,-

Tilboðsverð kr. 64.500,-



Pioneer
HLJÓMTÆKI

XW-BTS3-KW
Bluetooth hátalari
kr. 26.900,-



Tilboðsverð
kr. 19.900,-

veho. VSS-012-M6

Bluetooth hátalari
kr. 19.900,-



Tilboðsverð kr. 15.900,-

Pioneer
HLJÓMTÆKI

BDP-170-K **Blu Ray spilari 3D**
Spilar DVD-video, VCD, CD, AVCHD, SACD, BD-ROM, BD-R/RE,
CD-RW, DTS-CD, DVD-RW, DL-RW, DVD+R/RW, DL+R/RW,
Tengi: HDMI, USB, WiFi

27.900,-



Pioneer
HLJÓMTÆKI

SBX-N750
Soundbar

270W, innbyggður bassi, Class D magnari, Þráðlaust 150W
bassabox, Bluetooth, WiFi, Vegghengjanlegt, HDMI ARC,
2xoptical, mini jack, 1xcoaxial digital, USB

64.500,-



Pioneer

Heyrnartól SE-MJ721 6.290,-



Heyrnartól

SE-MJ751
11.900,-



MUVI K-2

veho.
Sportmyndavélar

NPNG útgáfa - 1080@60fps og 720p@120fps -
Innbyggð WiFi tenging - Snjallforrit fyrir Android og
Apple iOS - 16MP ljósmyndir - LCD Skjár og losanleg
1500mAh rafhláða - Vatnshelt hylki á 100m fylgir -
Festingar og 8GB kort fylgja - Kemur í með flottri tösku.

46.900,-



Útsöllumarkaður 30-80% afsláttur

Heimabíómagnarar • Nintendoleikir • Fartölvutöskur • Hljómtækjastæður • Bluetooth hátalarar • Geisladiskar • I pad hulstur • Spilað & Skilað / Spilaðir tölvuleikir • Vefmyndavélar • PC stýripinnar • Tölvusnúrir • WiFi hátalarar • Diskahýsingar • Leikjastýripinnar • Þráðlaus talnaborð • Farsímahulstur o.fl.

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

ormsson.is

ORMSSON
KEFLAVÍK
SÍMI 421 1535

ORMSSON
ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI
SÍMI 456 4751

KS
SAUDÁRKRÓKI
SÍMI 455 4500

SR · BYGG
SIGLUFIRÐI
SÍMI 467 1559

ORMSSON
AKUREYRI
SÍMI 461 5000

ORMSSON
HÚSAVÍK
SÍMI 464 1515

ORMSSON
VÍK-EGILSSTÖÐUM
SÍMI 471 2038

ORMSSON
PAN-NESKAUPSTAÐ
SÍMI 477 1900

ORMSSON
ARVIRKINN-SELFOSSI
SÍMI 480 1160

GEISLI
VESTMANNAEYJUM
SÍMI 481 3333



SNÝR AFTUR

21:35

THE MENTALIST

Sjöunda þáttaröðin um Patrick Jane sem er sjálfstætt starfandi ráðgjafi rannsóknarlögreglunnar í Kaliforníu og notar oftast en ekki skyggnigáfu sína til þess að leysa hin flóknustu glæpamál.

FRÁBÆRT FIMMTUDAGSKVÖLD!

Fáðu þér áskrift á 365.is **365**

20:15

ELDHÚSIÐ HANS EYÞÓRS

Vandaðir íslenskir þættir þar sem meistarakokkurinn Eyþór Rúnarson sýnir okkur réttu handtökin í eldhúsinu og töfrar fram dýrindis rétti.



20:40

RESTAURANT STARTUP

Skemmtilegur raunveruleikaþáttur þar sem valið er á milli tveggja hópa þáttakenda sem þurfa að móta hugmynd að nýju veitingahúsi.



22:10

THE BLACKLIST

Önnur þáttaröðin með James Spader í hlutverki eins eftirlýstastasta glæpamanns heims, Raymond Red Reddington.



22:00

LIMITLESS

Stórgóð spennumynd með Bradley Cooper, Anna Friel og Robert De Niro í aðalhlutverkum.



20:00

AMERICAN IDOL


Fjórtaða þáttaröð af þessum sívinsælu þáttum þar sem allir sigurvegarar fyrri þátta hafa slegið í gegn á heimsvísu.



19:00

HAPPY FEET

Hugljúf og falleg teiknimynd fyrir alla fjölskylduna.



SUDOKU

LÉTT

8	7	4		9	3	1
	5	3		6	2	8
6			4		9	7
3		6			1	2
1	8	5	6			
				3		9
				4		5
	4			7		
		9	2		3	

MIDLUNGS

8	4		9	2		5	6
	5			3	9		
			4		3	1	
		1	7		9		8
	2			8			
9				4	3		
	2	4					
5					9		
6	7	3			2	4	1

PUNG

9	7	6		1			
		3	6				2
	5			7			
1		3		2	5		
			6	3		1	5
	9						6
					7		
4	2			7			9
	3	9			8		

LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU

2	9	4	6	3	5	7	8	1
3	6	5	1	7	8	2	9	4
1	7	8	9	2	4	3	5	6
9	1	7	5	8	2	6	4	3
4	8	6	7	1	3	9	2	5
5	2	3	4	9	6	8	1	7
6	3	9	2	4	1	5	7	8
8	4	2	3	5	7	1	6	9
7	5	1	8	6	9	4	3	2
3	4	9	2	5	1	8	6	7
6	2	7	3	9	8	1	4	5
1	3	4	8	2	5	7	9	6
7	9	5	6	1	4	3	8	2
8	6	2	9	7	3	4	5	1
9	7	3	5	8	6	2	1	4
2	1	6	7	4	9	5	3	8
4	5	8	1	3	2	6	7	9
4	3	5	1	8	9	2	6	7
7	6	9	3	4	2	8	5	1
5	9	8	6	2	4	1	7	3
1	2	6	7	9	3	4	8	5
3	7	4	8	5	1	6	9	2
9	1	3	2	7	8	5	4	6
6	4	7	9	1	5	3	2	8
8	5	2	4	3	6	7	1	9

Prautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Myndasögur

PONDUS



Eftir Frode Øverli

GELGJAN



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

BARNALÁN



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

SPAKMÆLI DAGSINS

„Gerði ávallt ykkar besta. Það sem þið sáið núna munuð þið uppskera síðar.“

Og Mandino.

KROSSGÁTA

LÁRÉTT
2. nægilega, 6. skóli, 8. samstæða, 9. fæða, 11. tveir eins, 12. yndi, 14. fjöldi, 16. hæð, 17. rakspaði, 18. völlum, 20. íþróttafélag, 21. dyggur.

LÓÐRÉTT
1. niður, 3. hróp, 4. mótrök, 5. sarg, 7. sykurbráð, 10. umfram, 13. samræða, 15. sjá eftir, 16. stefna, 19. nudd.

LAUSN
15. íra, 16. átt, 19. ni. 5. urg, 7. glássúr, 10. auk, 13. tali, LÓÐRÉTT: 1. orfan, 3. óp, 4. gagnrök, 17. lób, 18. tún, 20. kr, 21. trúr. 11. gg, 12. naufr, 14. skari, 16. ás, 19. nudd, 2. nógu, 6. par, 9. ala, 15. íra, 16. átt, 19. ni.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

SKÁK

Gunnar Björnsson

Aðalsteinn Thorarensen (1.716) hafði hvítt gegn Viktor Zenkov (1.761), Bandaríkjunum, í landskeppni á milli þjóðanna í bréfskák. Hvítur á leik



28. Hxg6+! Svartur gafst upp enda óverjandi mát. Íslendingar hafa forystu 29½-21½. Mikil uppsveifla er í bréfskák, sem reyndar er tefld eingöngu á netinu, á Íslandi. Daði Örn Jónsson varð t.a.m. nýlega stórmeistari í bréfskák. www.skak.is: Gibraltar-mótinu lýkur í dag.



Til hvers að flækja hlutina?

SJÁLFKRAFA Í BESTA ÞREP!

365

365 GSM sérsníður þjónustuna að notkun hvers og eins. Í upphafi mánaðar byrja allir viðskiptavinir í 0 mínútum og SMS-um. Það fer síðan eftir notkun hvers og eins í hvaða þrepi hann endar þann mánuðinn. Viðskiptavinir okkar færast á milli þrepa áhyggjulausir og ávallt vissir um að vera í réttri leið.

0-60 mín. og SMS

0 kr.

60 mínútur og 60 SMS í GSM og heimasíma á Íslandi.

60-365 mín. og SMS

2.990 kr.

365 mínútur og 365 SMS í GSM og heimasíma á Íslandi.

Endalaust

4.990 kr.

Endalausar mínútur og SMS í GSM og heimasíma á Íslandi.

Viðskiptavinir okkar færast á milli þrepa áhyggjulausir og ávallt vissir um að vera í réttri leið.



Allar nánari upplýsingar á 365.is

GAGNAMAGNSPAKKAR FYRIR NETIÐ Í SÍMANUM

Þú færð 20 GB ljóshraðanet, 100 mín. í heimasíma og 60 mín. og 60 SMS í GSM á 0 kr. ef þú kaupir valdar sjónvarpsáskriftir hjá 365.

500 MB
790 kr.

1 GB
1.190 kr.

5 GB
1.990 kr.


15 GB
3.990 kr.

Inngöngutilboð
með tilboðspökkum
1.500 kr.

-2.490 kr.

ÚTSALA!!!

FJÖLDI TITLA Á FRÁBÆRU VERÐI!




6.473.-
Fullt verð: 13.485.-

Atlas of the World



3.631.-
Fullt verð: 7.261.-

ERRÓ



The fast diet recipe book

ÚTSALA: 2.334.-
Fullt verð: 4.667.-



One Direction - The official Annual 2015

1.269.-
Fullt verð: 2.592.-



Craft Beer Cookbook

ÚTSALA: 3.599.-

Fullt verð: 6.061.-




20th century world architecture

ÚTSALA: 12.967.-
Fullt verð: 25.934.-



Private view

ÚTSALA: 5.187.-
Fullt verð: 10.373.-




How cool brands stay hot

ÚTSALA: 2.853.-
Fullt verð: 5.705.-



Who we are - One Direction

ÚTSALA: 2.593.-
Fullt verð: 5.186.-




Colour photography

ÚTSALA: 2.593.-
Fullt verð: 5.186.-




Nathan Outlaw's fish kitchen

ÚTSALA: 2.593.-
Fullt verð: 5.186.-



The cook's book of ingredients

ÚTSALA: 3.890.-
Fullt verð: 7.779.-



The last refuge

1.245.-
Fullt verð: 2.489.-



A memory of light

1.037.-
Fullt verð: 2.074.-



Luis Suárez - Líf mitt

ÚTSALA: 3.499.-
Fullt verð: 4.148.-



VILDARKLÚBBUR
EYMUÐSSON

5% afsláttur af ÖLLUM
VÖRUM einnig tilboðum



2.999.-
Fullt verð: 5.186.-

Nenni ekki að elda



ÍSLENSKU
BÓKMENNTA
VERÐLAUNIN
2014

Hafnfirðingabrandarinn

ÚTSALA: 2.452.-
Fullt verð: 4.563.-



Eleanor og Park

ÚTSALA: 3.999.-
Fullt verð: 5.186.-



3.599.-
Fullt verð: 6.742.-

Táningabók



Kolvetnasnauðir hversdagsréttir

ÚTSALA: 3.299.-
Fullt verð: 4.148.-



3.499.-
Fullt verð: 6.016.-

DNA



Handan minninga

ÚTSALA: 2.999.-
Fullt verð: 4.148.-



1.949.-
Fullt verð: 3.630.-

Mói hrekkjusvín - Misskilinn snillingur



Tarfurinn frá Skarpaflóa

ÚTSALA: 3.299.-
Fullt verð: 6.534.-



4.299.-
Fullt verð: 8.298.-

Veislan endalaus



Hinn litlausi Tsukuru og pílagrímsár hans

ÚTSALA: 3.499.-
Fullt verð: 6.534.-



Óreiða

2.229.-
Fullt verð: 4.148.-



Bernskubók

1.099.-
Fullt verð: 2.592.-



Gula spjalðið í Gautaborg

ÚTSALA: 2.452.-
Fullt verð: 4.563.-



Fæðubyltingin

1.999.-
Fullt verð: 3.630.-



Svarthvítir dagar

2.999.-
Fullt verð: 6.223.-



Kamilla Vindmylla og svikamillurnar

ÚTSALA: 2.999.-
Fullt verð: 4.148.-



Skáldsaga um Jón

1.099.-
Fullt verð: 5.186.-



Landvættir

1.399.-
Fullt verð: 3.111.-



Öræfi

3.699.-
Fullt verð: 6.742.-

ÍSLENSKU
BÓKMENNTA
VERÐLAUNIN
2014

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Flugstöð Leifs Eiríkssonar

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

A.T.H. Vöruúrval er mismunandi eftir verzlunum. Útsöluverð gilda til og með 22. febrúar. Birt með fyrirvara um prentvillur.

MENNING

Mamman og börnin sýna saman

Myndlistarfélagið Kristín Arngrímsdóttir, dóttir hennar og tvíbúrasynir sýna teikningar og málverk í hinu nýja gallerí að Hagamel 67, Gallerí Vest.

„Þetta er fyrsta sýning okkar saman og var bara til gamans gerð,“ segir Kristín Arngrímsdóttir, myndlistarkona og rithöfundur, um listsýningu sína og barna sinna þriggja, Guðrúnar Steingrímisdóttur og Arngríms og Matthíasar Rúnars Sigurðssonar. Sýningin er í Gallerí Vest á Hagamel 67 og verður opin að minnsta kosti út næstu viku. Þar

eru bæði teikningar og málverk eftir fjölskylduna.

Kristín á nokkrar einkasýningar að baki og margar samsýningar með öðrum. Hún hefur bæði skrifað og myndskreytt barnabækur, meðal annars bækurnar um Arngrím apaskott og Meistaraköttinn Matthías. Nú er hún með krítar-teikningar.

Greinilegt er að listin gengur í erfðir. Guðrún er að sýna í fyrsta sinn en bræðurnir hafa alloft sýnt saman, bæði meðan þeir voru í Listaháskólanum og eftir að þeir útskrifuðust. Arngrímur gaf nýlega út bókina Duldýrasafnið og myndir hans á sýningunni eru úr því safni.

- gun



SAMHENT FJÖLSKYLDA
„Þetta er fyrsta sýning okkar saman,“ segir Kristín sem hér er með Guðrúnu og Matthías en Arngrímur var stunginn af til útlanda.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



LYKILMENN
Grímar framleiðandi, Óli aðalpersóna og Árni leikstjóri.

Þjóðargersemin Óli

KVIKMYND ★★★★★

Óli Prik

Heimildarmynd um Ólaf Stefánsson handboltamann.

LEIKSTJÓRI: ÁRNI SVEINSSON

FRAMLEIÐANDI: GRÍMAR JÓNSSON

Ólafur Stefánsson er þjóðargersemi. Íslenska þjóðin elskar þennan farsæla handboltamann. Í heimildarmyndinni Óli Prik fær maður að skyggast inn í líf mannsins bak við boltann.

Ósjaldan hefur Ólafur verið djúpur í sinni nálgun á lífið og oft og tíðum skilur fólk hvorki upp né niður í því sem hann segir. Og engin er undantekningin í þessari mynd, hann er djúpur sem aldrei fyrr. Myndin er raunveruleg og sýnir meðal annars hversdagsleikann í lífi Ólafs Stefánssonar.

Árni Sveinsson kvikmyndagerðarmaður eltir líf og afrek Ólafs og setur hlutina vel í samhengi. Þessi margverðlaunaði íþróttamaður er eftir allt saman bara maður. Hann á venjulega fjölskyldu, gengur í gegnum erfiða tíma eins og allir og ræður ekki við allt sem hann tekur sér fyrir hendur. Hann hefur sína bresti og kann ekki allt.

Eftir að hafa séð myndina sér maður að Ólafur er hreinskilinn maður sem hefur í raun fengið nóg af íslenska draumnum – að vera atvinnumaður í handbolta.

„Er þetta ekki bara komið gott,“ segir Ólafur í mjög eftirminnilegri senu í myndinni. Þá vitnar hann í

þátt sem gerður var á RÚV, honum til heiðurs og um feril hans. Fjölskylda hans settist niður til að horfa á þáttinn saman sem fjallaði um handboltamanninn sem sigraði heiminn og vann allt. Hann virðist þá átta sig á að það sé kominn tími til að leita nýrra tækifæra og áskorana.

„Ég skrái mig bara núna í Listaháskólann og verð listamaður, kannski verð ég bara héðan í frá Óli Prik,“ sagði Óli eftir að hafa horft á heiðursþáttinn á RÚV.

Nú eru aðrir tímar hjá Ólafi þó að líf hans sé langt í frá búið. Handboltinn er kominn í annað, þriðja ef ekki fjórða sæti. Hann hefur ákveðið að tileinka börnum þetta tímabil í lífi sínu og vinnur hörðum höndum að smáforriti sem kallast Keywe. Í myndinni skynjar maður að verkefnið skiptir hann miklu máli og hans sterki metnaður er greinilega kominn þangað.

Myndin fjallar um mann sem er á tímamótum. Hann er að kveðja gamla tíma og takast á við ný tækifæri. Hún er góð, fyndin og fyrst og fremst sönn.

Endirinn á myndinni er virkilega táknrænn, hann hættir sem þjálfari Vals eftir þó nokkurn aðdraganda. Í lokaatriðinu leikur hann sér síðan í snjónum með börnunum í barnaskóla í Reykjavík. Myndin skilur eftir spurningu: Hvernig fer næsti kafli í lífi Ólafs Stefánssonar?

Stefán Árni Pálsson

NIÐURSTADA Myndin er góð, fyndin og fyrst og fremst sönn.



LEIKARARNIR „Eldbarnið lýsir atburðum sem raunverulegt fólk gekk í gegnum,“ segir Pétur Eggerz sem hér er á æfingu ásamt Andreu Ösp og Öldu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Alvarlegir atburðir en líka spennna og húmor

Eldbarnið, leikrit fyrir börn og fullorðna, fjallar um flótta og sigra líttillar stúlku á tímum Skaftárelda undir lok 18. aldar. Frumsýnt er í Tjarnarbíói á laugardaginn.

„Ég held að við þurfum ekkert að vera hrædd við að bera dramatík á borð fyrir börn. Þó að leikritið sýni alvarlega atburði er líka í því spennna og húmor,“ segir Pétur Eggerz, leikari og höfundur Eldbarnsins, hamfaraleikrits sem frumsýnt verður í Tjarnarbíói á laugardaginn klukkan 14 á vegum Möguleikhússins. Það snýst um stúlkuna Sólveigu sem flýr með mömmu sinni upp í fjallshlíð þegar Skaftáreldarnir geisa og þaðan horfa þær á bæinn sinn fara undir hraun. Þá hefst leit að skjóli og baráttu til að komast af.

Pétur segir Eldbarnið hugsað fyrir áhorfendur frá níu ára aldri. „Við köllum þetta hamfaraverk fyrir börn og fullorðna. Ég sé fyrir mér að fullorðnir geti komið á það án þess að vera með börn. Fyrst og fremst viljum við ná til krakka eldri en níu ára sem upplifa þessa sögu sem spennandi ævintýri. Það er ekki meiningin að gera þau hrædd við eldgos. En Skaftáreld-

arnir áttu sér stað og í verkinu er lýst náttúru sem við búum í.“

Pétur segir Eldbarnið hafa verið lengi á leiðinni og margt hafa gerst í samfélaginu á meðan. „Ég byrjaði að velta efninu fyrir mér fyrir hrun þegar allt var svo æðislegt og erfiðir atburðir úr okkar sögu svo órafjarri. Mér fannst þá að kannski væri gott að líta aðeins til baka. Það var kveikjan í upphafi. Svo kom hrúnið og þó ekki sé hægt að líkja saman náttúruhamförum og fjármálahruni af manna völdum fann ég ýmsa snertipunkta í viðbrögðum almennings og yfirvalda þá og nú. Síðan komu eldgos í Eyjafjallajökli og Grímsvötnum og allt í einu varð óskufall ápreifanlegt. Gosið í Holuhrauni er þó einna líkast Skaftáreldunum og enginn veit hvenær því lýkur. Fyrst þegar ég fór að vinna í efninu fannst mér ég þurfa að útskýra fyrir börnunum hvað eldgos væri en náttúran hefur séð um það.“

Eldbarnið er skáldverk, að sögn

„Fyrst og fremst viljum við ná til krakka eldri en níu ára sem upplifa þessa sögu sem spennandi ævintýri.“

Péturs. „En þar er lýst atburðum sem raunverulegt fólk gekk í gegnum og við sögu koma persónur sem voru til, séra Jón Steingrímsson og hans kona, sýslumannsfrúin í Vík og Skúli Magnússon. Stúlkan Sólveig er skálduð en við fylgjum henni eftir í erfiðleikum og ævintýrum.“

Sigrún Valbergsdóttir leikstýrir Eldbarninu eins og Eldklerknum, einleik sem Pétur hefur sýnt víða og fengið afburðagóðar viðtökur. Þeir leikarar eru í þessari sýningu, Andrea Ösp Karlsdóttir sem leikur Sólveigu og Pétur og Alda Arnardóttir sem leika öll önnur hlutverk.

gun@frettabladid.is

Óperan Peter Grimes á Listahátíð í vor

Alþjóðlegar stjórnur koma til Íslands þegar óperan Peter Grimes eftir Britten verður flutt í Eldborg.

Umfangsmikil tónleikaupfærsla á óperunni Peter Grimes eftir breska tónskáldið Benjamin Britten verður frumflutt á Íslandi 22. maí á Listahátíð í Reykjavík.

Stórstjórnur úr heimi óperunnar syngja aðalhlutverkin, ástralski tenórinn Stuart Skelton verður í titilhlutverkinu. Hann var valinn söngvari ársins á



International Opera Awards á síðasta ári. Susan Gritton verður í hlutverki Ellen Orford, hún hefur meðal annars sungið það við Scala-óperuna í Milánó. Ólafur Kjartan Sigurðarson verður í sínu fyrsta óperuhlutverki í Hörpu og önnur eru í höndum nokkurra af okkar þekktustu söngvurum. Um tónsprotann heldur svo Daníel Bjarnason.

- gun

BARITÓN Ólafur Kjartan er einn okkar fremstu söngvara á hinu alþjóðlega sviði.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

LOKADAGAR

Enn meiri verðlækkun!

SKOTVEIÐI
STANGVEIÐI
ÚTIVISTARFATNAÐUR
FERÐAVÖRUR
SLEÐAVÖRUR
REIÐHJÓL
SKÓR

**RISA-
ÚTSALA**

20-90% afsláttur
af öllum vörum

KOMDU OG GERÐU GÓÐ KAUP!

 **Ellingsen**
- FULLT HÚS ÆVINTÝRA



Ég er fyrir tónlistina og mennskuna

„Það leiðinlegasta í heimi er að ferðast en það skemmtilegasta er að spila fyrir fólk,“ segir kúbverski píanistinn Jorge Luis Prats sem kemur fram á tónleikum í Hörpu á laugardaginn. Þó fer hann um allan heim og spilar og kynnist þannig sögu þjóðanna og fólki.

Kúbverski píanistinn Jorge Luis Prats spilar á Heimspíanistaröð Hörpu á laugardaginn. Jorge Luis Prats er fæddur árið 1956. Hann er á meðal áhugaverðustu píanista sinnar kynslóðar og er margverðlaunaður í samkeppnum á yngri árum sem og fyrir tónleika og upptökur seinna meir. Eftir að hafa alist upp við píanóið á Kúbu til tvítugs hélt Jorge Luis Prats til náms í París og Bandaríkjunum en Kúba og kúbversk tónlistararfleið hefur þó ætíð fylgt honum. Hann þykir hafa einstaklega líflega og skemmtilega framkomu á tónleikum, auk þess sem verkefnavalið andar oft en ekki suðrænum og heillandi blæ. Síðustu áratuginu hefur Jorge Luis Prats farið um víða veröld til þess að koma fram á tónleikum og gerir enn af miklum mót; þrátt fyrir það þykir þessum suðræna meistara þó ekkert eins leiðinlegt og að ferðast.

„Ferðalagið sjálft er það allra leiðinlegasta sem ég geri. Flugvellir eru ekki skemmtilegir staðir og að sitja í flugvél er hreint út sagt alveg skelfilega leiðinlegt. Samt þarf ég að gera svo mikið af þessu. Núna er ég í París og fyrr í vikunni var ég í Flórída og eftir tvo daga verð ég kominn til Reykjavíkur, síðan er það London og svo Kólumbía og svona heldur þetta áfram.“

En ávinningurinn! Það er allt annað mál. Að fá að spila fyrir fólk og miðla til þess þeirri tónlist sem ég hef ástríðu fyrir. Fólk er svo fallegt og dásamlegt og

það gerir þetta allt þess virði. Að spila fyrir fólk er það allra skemmtilegasta sem ég geri svo þetta er nú ekki alsæmt.“

Jorge Luis Prats er einstaklega líflegur maður. Það veður á honum þegar hann talar um tónlist og að spila fyrir fólk. En þrátt fyrir að koma úr umhverfi sem er mettað af pólitík og einangrun Kúbu á liðnum árum hefur hann lítinn áhuga á slíku.

„Pólitík er ekki fyrir mig og hefur aldrei verið. Ég er tónlistarmaður en ekki stjórnmálamaður. Guði sé lof. Ég er fyrir tónlistina og mennskuna. Lífið! Ég fer um allan heim og spila og þannig og í gegnum tónlistina kynnist ég sögu þjóðanna og fólki. Tónlistin er þannig að hún dregur fram í okkur allt það besta. Ástríður og kærleik og jákvæðar tilfinningar sem við vöxum og döfnum af en pólitík, það er allt annað mál.“

Tónleikagestir laugardagsins mega greinilega eiga von á líflegum og fjölbreyttum tónleikum því þegar Jorge Luis Prats talar um efnisskrána er honum mikið niðri fyrir.

„Ég er búinn að setja saman frekar óvenjulega efnisskrá fyrir laugardaginn. Ég ætla að byrja á því að koma með Amazon til Íslands. Svo verður þarna kynþokki frá Brasilíu, karakter, rómantík, drama og kærleikur frá Spáni. Við Kúbverjar erum afskaplega spænsk þjóð og ég kem líka með efni frá Havana sem er af sama meidi. Þar á



meðal ætla ég að frumflytja verk sem var samið fyrir mig og ég kalla „Sweet Havana“ þó svo að það hafi ekki fengið formlega það heiti. Þar er að finna sætleika og rómantík, útförina og gleðina yfir lifuðu lífi og fallegum minningum og allt er þetta ákaflega kúbverskt. Ég enda svo á tangó sem á rætur sínar í kúbverska dansinum.

Þetta verður allt ákaflega fallegt og melódískt og ég hlakka til þess að færa íslenskum áhorfendum gleðina og hamingjuna sem er í þessari tónlist. Það eina sem ég sakna er að ná ekki að spila sérstaklega fyrir unga tónlistarnema því mér finnst alltaf sérstaklega skemmtilegt að færa ungu fólki nýja tónlist.“

- mg

„Þetta verður allt ákaflega fallegt og melódískt og ég hlakka til þess að færa íslenskum áhorfendum gleðina og hamingjuna sem er í þessari tónlist.“

Jorge Luis Prats

ÍSLENSKI DANSFLOKKURINN
FRUMSÝNIR 6. FEBRÚAR 2015
Á REYKJAVÍK DANCE FESTIVAL

TAUGAR

BLÝKUFL
EFTIR
SÖGU SIGURÐARDÓTTUR
við tónsmíð eftir
Hallvarð Ásgeirsson

LIMINAL
EFTIR
KAROL TYMINSKI
við tónsmíð eftir
Valdimar Jóhannsson

[Íd]

SÝNINGAR 6/2, 12/2, 15/2, 22/2 OG 26/2
SÝNT Á NÝJA SVIÐI BORGARLEIKHÚSSINS
MIÐSALA Í SÍMA 568 8000 EÐA Á WWW.MIDI.IS

REYKJAVÍK DANCE FESTIVAL



LISTAMAÐURINN „Það verður alltaf að vera ein nótt á milli uppsetningar og sýningar svo myrkrið fái að seytle inn,“ segir Haraldur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Eimar niður ákveðið þjóðfélagsástand

Kjör nefnist sýning Haraldar Jónssonar myndlistarmanns sem hann opnar í Týsgalleríi í dag.

„Ég lýk við að setja Kjör upp í kvöld,“ sagði listamaðurinn Haraldur Jónsson síðdegis í gær og átti þar við sýningu sem hann opnar í Týsgalleríi klukkan 17 í dag.

„Það verður alltaf að vera ein nótt á milli uppsetningar og sýningar svo myrkrið fái að seytle inn,“ segir Haraldur íbygginn og bætir við: „Það er nauðsynleg kyrrð sem fylgir því og líka ákveðin hleðsla því sýningin fær að þreifa á myrkri.“

Haraldur kveðst vinna mikið út frá hversdeginum. „Í þessu minnsta galleríi höfuðborgarsvæðisins er ég að búa til kringumstæður – eima niður ákveðið þjóðfélagsástand sem við getum upplifað í dag en er um leið tímalaut. Ég reyni að vega salt þar á milli,“ útskýrir hann. Haraldur

„Sýningin verður ekki virk fyrr en áhorfandinn stígur inn í rýmið því þó að það sé lítið þarf hann að gefa sér tómt til að fara í smá ferðalag.“

segir líka Kjör vera á vissan hátt líkamlega sýningu því áhorfandinn taki þátt í henni og frammi liggja spjöld í boxi og þau spjöld geti fólk tekið með sér.

„Sýningin verður ekki virk fyrr en áhorfandinn stígur inn í rýmið því þó að það sé lítið þarf hann að gefa sér tómt til að fara í smá ferðalag,“ segir listamaðurinn og heldur áfram að skapa þá stemningu sem hann býður upp á í Týsgalleríi.

- gun

Yuasa rafgeymar

Stærsti rafgeymaframleiðandi í heiminum

Við bjóðum fría prófun á rafgeymum

MIDTRONICS
MDX-P335P
Stilling
Klettháls 5
110 Reykjavík
Sími: 520-8000

RAFGEYMISPRÓFUN
GÓÐUR RAFGEYMR

SPENNA 12,64V
MÆLING 541AEN
STUÐULL 600AEN

RAFGEYMR HEFÐBUNDINN
RAFG.STAÐSETNING LAUS
RAFG.HITASTIG YFIR 0°C

RÆSISPRÓFUN
Í LAGI

SPENNA 10,56V

HLEÐSLUPRÓFUN
Í LAGI

SPENNA 14,63V



Nesdekk-Grandi Fiskislóð 30 · 101 Reykjavík Sími 561 4110	Smurstöðin Garðabæ Litlatorgi 1 · 210 Garðabæ Sími 565 6200	Vélaverkstæði Hjartar Eiríkssonar Búlandi 1 · 530 Hvammstangi Sími 451 2514
Múlaradio ehf. Fellsmúla 28 · 108 Reykjavík Sími 554 1540	Pústþjónusta BJB Flatahraun 7 · 220 Hafnarfjörður Sími 565 1090	Bifreiðaverkstæði Blönduós Efstubraut 2 · 540 Blönduós Sími 452 2600
Smurstöðin Klöpp Vegmúli 4 · 108 Reykjavík Sími 553 0440	Smur 54 Bæjarhrauni 6 · 220 Hafnarfjörður Sími 555 0330	Bílaverkstæði Óla Norðurlandsvegi 4 · 540 Blönduós Sími 848 0030
Bifreiðaverkstæði Svans ehf. Eirhöfða 11 · 110 Reykjavík Sími 616 2333	Laghentir ehf. Bolafótur 1 · 230 Keflavík Sími 456 7600	N1 Píparinn Efstubraut 2 · 540 Blönduós Sími 868 6066
Bílson Klettháls 9 · 110 Reykjavík Sími 568 1090	Skípting Grófinni 19 · 230 Keflavík Sími 421 3773	Ásgeir Arnljótsson Hóli · 560 Varmahlíð Sími 453 8370
Málningarverk Hyrjarhöfða 2 · 110 Reykjavík Sími 554 4550	Vélsmiðja Grindavíkur Seljabót 3 · 240 Grindavík Sími 426 8540	Pardus Suðurbraut · 565 Hofsóss Sími 453 7380
Smur og Viðgerðarþjónustan Hyrjarhöfða 8 · 110 Reykjavík Sími 567 9555	Bílaverkstæði Þóris Hafnarbraut 12 · 260 Njarðvík Sími 421 4620	Bás Ránargata 14 · 580 Siglufjörður Sími 467 1860
Bifreiðaverkstæði Grafarvogs Gylfaflöt 24-30 · 112 Reykjavík Sími 577 4477	Bílaverkstæði Orra Háholt 23 · 270 Mosfellsbær Sími 650 9700	Bílatorgið Akureyri Dalsbraut 1 · 600 Akureyri Sími 464 2121
Bílaverkstæði Einars Þórs Bæjarflöt 8 · 112 Reykjavík Sími 567 0080	Réttingaverkstæði Jóns B. ehf. Flugumýri 2 · 270 Mosfellsbær Sími 566 7660	Bifreiðaverkstæði Bjarnhéðins Fjölhnisgötu 2a · 603 Akureyri Sími 462 2499
Hjólbarðaverkstæði Grafarvogs ehf. Gylfaflöt 3 · 112 Reykjavík Sími 567 4468	Bílaverkstæði Hjalta Ægisbraut 28 · 300 Akranesi Sími 431 1376	Kraftbílar Draupnigata 6 · 603 Akureyri Sími 464 0000
Bifreiðaverkstæði Toppur Skemmuvvegur 34 · 200 Kópavogur Sími 557 9711	Bílver Innesvegi 1 · 300 Akranesi Sími 431 1985	Múlatindur Múlavvegur 13 · 625 Ólafsfjörður Sími 466 2194
Bílaverkstæði Kjartan og Þorgeirs Smíðjuvegur 48 · 200 Kópavogur Sími 567 0060	Bifreiðarþjónusta Harðar Borgarbraut 55 · 310 Borgarnes Sími 437 1192	Bílaleiga Húsavíkur Garðarsbraut 66 · 640 Húsavík Sími 464 1888
Bílaverkstæði Stimpill ehf. Akralind 9 · 200 Kópavogur Sími 564 1095	Bílabær Brákarbraut 5 · 310 Borgarnes Sími 437 1300	Bílaþjónustan Garðarsbraut 52 · 640 Húsavík Sími 464 1122
Bílvík ehf. Smíðjuvegur 4e · 200 Kópavogur Sími 661 7062	Kristinn Reynisson Nýjibær Bæjarsveit · 311 Borgarnesi Sími 435 1232	Bifreiðaverkstæði Klettur Hrísmýri 3 · 800 Selfoss Sími 482 2050
Knastás Skemmuvvegur 4 · 200 Kópavogur Sími 557 7840	Vélabær Bæ · 311 Andarkilshreppur Sími 435 1252	Bílaþjónusta Péturs Vallholti 17 · 800 Selfoss Sími 482 2050
Samlind-Bílstál Askalind 3 · 200 Kópavogur Sími 564 4632	KVH Strandgata 1 · 530 Hvammstangi Sími 455 2300	Bíltak Hrísmýri 2a · 800 Selfoss Sími 482 3066
Bílaverkstæði Jóa Dalvegi 16a · 201 Kópavogur Sími 564 5520		



Stilling hf. | Sími 520 8000 | stilling.is/ferdavorur | stilling@stilling.is

Skapa mögulega meistaraverk

Tveir íslenskir hljóðfæraleikarar spila með hinum norska Jo Berger Myhre.

„Við æfðum í gær en vitum ekki alveg hvað við erum að fara að gera, það er ekkert ákveðið,“ segir trommuleikarinn Magnús Trygvason Eliassen. Hann kemur fram á tónleikum í Mengi í kvöld ásamt norska bassaleikarinn Jo Berger Myhre og saxófónleikaranum Tuma Árnasyni.

Tríóid mun vera í frjálsum spuna fram eftir kvöldi. „Annadhvort kemur út meistaraverk eða það kemur ekki út meistaraverk. Þetta



verður gaman og ég hlakka til,“ bætir Magnús við.

Jo Berger Myhre er nú búsettur í Reykjavík, hefur á undanförunum árum orðið eftirsóttur bassaleikari og starfar um þessar mundir meðal annars með sænska tónlistarmanninum Mariam the Believer og norsku trompetgoðsögninni Nils Petter Molvær, auk fleiri góðra verkefna.

Hann heldur einnig úti drone-djassveitinni Splashgirl.

Magnús er líklega þekktastur fyrir störf sín með Moses Hightower og Tumi fyrir að blása í gylltu flautuna fyrir hljómsveitirnar Gríslappalísu og Ojba Rasta.

„Þetta verður svona ekta Mengis-kvöld, þar sem enginn veit hvað gerist fyrr en þeir byrja að spila, ekki einu sinni þeir sjálfir. Það er það sem er svo skemmtilegt og spennandi við Mengi, fólk hefur algjört listrænt frelsi,“ segir Ísgerður Gunnarsdóttir, upplýsingafultrú Mengis. Tónleikarnir hefjast klukkan 21.00. - glp



SPUNI Jo Berger Myhre heldur einnig úti drone-djassveitinni Splashgirl en kemur fram með tveimur íslenskum tónlistarmönnum í Mengi.

Prufukeyrir ný lög

Teitur Magnússon heldur tónleika á Kexi hosteli í kvöld.

„Ég tek smá sett einn og síðan er hljómsveit líka. Þannig að þetta verður svona tvískipt,“ segir Teitur Magnússon tónlistarmaður um tónleika sem hann heldur í Gym & Tonic-sal Kex hostels í kvöld.

„Það verða kannski bara einhverjir svona kunnuglegir gestir sem munu ekkert koma rosalega á óvart,“ segir hann spurður að því hvort einhverjir óvæntir gestir munu stinga upp kollinum á tónleikunum.

Í desember á síðasta ári sendi Teitur frá sér sólóplötuna Tuttugu og sjö sem hlotið hefur góðar undirtektir.

Teitur mun spila lög af plötunni og að auki leika nokkur ný lög. „Það eru einhver svona lög sem ég er búinn að vera að vinna í. Ég ætla bara að taka þau einn á gítarinn og prufukeyra þau. Maður veit svo sem ekkert hvar þau enda, það verður bara að koma í ljós,“ segir

„Það eru einhver svona lög sem ég er búinn að vera að vinna í. Ég ætla bara að taka þau einn á gítarinn og prufukeyra þau. Maður veit svo sem ekkert hvar þau enda, það verður bara að koma í ljós.“

Teitur sem lofar huggulegri og góðri stemmingu á tónleikunum í kvöld.

Tónleikarnir verða líkt og áður sagði í Gym & Tonic-salnum á Kexi hosteli, miðaverð er 1.500 krónur en fyrir 2.500 krónur er einnig hægt að fá sólóplötu Teits.

Tónleikarnir hefjast klukkan níu og er athygli vakin á því að enginn posi verður á staðnum.

- gló



TEITUR Tónlistarmaðurinn prufukeyrir nokkur ný lög í kvöld vopnaður kassa-gítarum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

FIMMTUDAGUR



Myndlistarsýningin MARA Sýningin verður opnuð í Gallerí SÍM í Hafnarstræti 16.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

5. FEBRÚAR 2015

Tónleikar

19.30 Osmo Vänskä stjórnar Sinfóníu-hljómsveit Íslands í Eldborgarsal Hörpu. Tónleikarnir eru hluti af Sibeliusar-þrileiknum. Sinfónía nr. 3 eftir Sibelius verður flutt og einnig 3. sínfónía Anton Bruckner. Miðaverð frá 2.400 krónum.

20.00 Eyþór Ingi Jónsson fer í gegnum stafrófið í tónleikasýrþunni A-Ö á um það bil 25 tónleikum. Fyrstu tónleikarnir, A, verða í kvöld í Akureyrarkirkju. Miðaverð 2.000 krónur.

21.00 Teitur Magnússon í Gym & Tonic á Kexi Hostel í kvöld. Miðaverð 1.500 krónur, vinsamlegast athugið að enginn posi verður á staðnum.

21.00 Eiki Einars og Byltingarboltarnir með tónleika á Café Rosenberg í kvöld. Ókeypis inn.

21.00 Jo Berger Myhre, Magnús Trygvason Eliassen og Tumi Árnason leiða saman hesta sína í Mengi í kvöld. Miðaverð er 2.000 krónur.

22.00 Hljómsveitirnar Altostratusmus og SíGull spila á Dillon í kvöld.

22.00 Magnús R. Einarsson heldur tónleika á Ob-La-Di-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangur ókeypis.

Opnir

17.00 Sýningin KJÖR með nýjum verkum Haraldar Jónssonar verður opnuð í Týsgallerí.

17.00 Myndlistarsýningin MARA verður opnuð í Gallerí SÍM í Hafnarstræti 16. Hópur myndlistarmanna hefur unnið verk fyrir sýninguna út frá mismunandi birtingarmyndum af möru.

19.30 Marcos Zotes opnar Vetrarhátíð 2015 með ljóslistaverkinu Ljósvarða, sem umbreytir Hallgrímskirkju og þekur yfirborð hennar í kraftmikilli sjónrænni upplifun. Verkið er meðal annars unnið með þátttöku upprennandi listamanna af leikskólanum Grænumborg.

Fundir

17.30 Silja Bára Ómarsdóttir, aðjúnkt við stjórnmalafraeðideild Háskóla

Íslands, flytur erindið Staða kvenna og kvenréttinda í Evrópusambandinu: Fæðingarorlof, kynjakvótar og jafnrétti í Já Ísland, Síðumúla 8. Fundurinn er öllum opin.

20.00 Ungir jafnaðarmenn boða til opins málfundar um afnám refsistefnu gegn vörslu neysluskammta á fíkniefnum að Hallveigarstíg 1.

Sýningar

21.00 Laddi stígur á svið í Bæjarbíói í Hafnarfirði með sýninguna Allt það besta. Miðaverð 3.900 krónur.

Uppákomur

16.30 Café Lingua stendur fyrir stefnumóti tungumála í Stúdentakjallaranum.

